

SEÐLABANKI ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 1981
REYKJAVÍK 1982

Setning, prentun, bókband:
ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJA HF.

EFNISYFIRLIT

Skýrsla bankastjórnar	5
Yfirlit yfir þróun efnahagsmála	5
Framleiðsla, tekjur og verðlag	9
Greiðslujöfnuður og utanríkisviðskipti	16
Fjármál ríkissjóðs	25
Peningamál	31
Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir	41
Gengismál	45
Erlend mál og samningar	49
Umsjá sjóða og ýmis starfsemi fyrir ríkissjóð	51
Ýmsir þættir í starfsemi bankans og lagabreytingar	57
Annáll peninga- og gjaldeyrismála 1981	63
Stjórn bankans og starfslið	67
Reikningar 1981	69
Efnahagur 31. desember 1981	70
Rekstrarreikningur árið 1981	72
Efnahagsreikningur Ríkisábyrgðasjóðs 31. des. 1981	74
Skýringar við ársreikning Seðlabankans	76
Skýringar við ársreikning Ríkisábyrgðasjóðs	78
Töflur (sjá yfirlit á næstu síðu)	79

TÖFLUYFIRLIT

1. tafla. Þjóðarframleiðsla og verðmætarádstöfun	79
2. tafla. Framlag atvinnugreina til þjóðarframleiðslunnar	80
3. tafla. Þjóðarauðurinn	80
4. tafla. Fjármunamyndun	81
5. tafla. Vísitölur verðlags	82
6. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd 1977—1981	83
7. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd. Ársfjórðungsyfirlit 1980—1981	84
8. tafla. Staða þjóðarbúsins út á við	84
9. tafla. Gjaldeyrisstaða bankanna	85
10. tafla. Skipting innflutnings eftir notkun	85
11. tafla. Útflutningur. Skipting á helstu vöruflokka	86
12. tafla. Út- og innflutningsverð og viðskiptakjör	86
13. tafla. Vísitala meðalgengis erlendra gjaldmiðla	86
14. tafla. Verðmæti inn- og útflutnings eftir löndum	87
15. tafla. Yfirlit yfir fjármál ríkissjóðs	88
16. tafla. Skipting ríkistekna eftir tekjustofnum	88
17. tafla. Skipting ríkisútgjalda eftir málefnaflokkum	89
18. tafla. Skipting ríkisútgjalda eftir tegundum	89
19. tafla. Seðlar og mynt	89
20. tafla. Skipting seðla og myntar eftir stærð í árslok	90
21. tafla. Ávísanaskipti	90
22. tafla. Úr peningamálum	91
23. tafla. Úr reikningum Seðlabankans	92
24. tafla. Innlán og útlán innlánsstofnana	93
25. tafla. Lánaflokkun innlánsstofnana	94
26. tafla. Samandregið greiðsluyfirlit fjárfestingarlánasjóða	94
27. tafla. Lánaflokkun fjárfestingarlánasjóða	95
28. tafla. Útlán einstakra fjárfestingarlánasjóða	95
29. tafla. Samandregið greiðsluyfirlit einstakra fjárfestingarlánasjóða 1981	96
30. tafla. Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða	96
31. tafla. Úr reikningum lánastofnana	97
32. tafla. Efnahagsreikningur Seðlabankans 1975—1981	98
33. tafla. Gengi erlendra gjaldmiðla skv. skráningu Seðlabanka Íslands	100
34. tafla. Nafnvextir á helstu flokkum inn- og útlána innlánsstofnana	101
35. tafla. Vextir við Seðlabanka í % á ári	102
36. tafla. Bindiskyldu- og endurkaupahlutföll	102

SKÝRSLA BANKASTJÓRNAR

I. YFIRLIT YFIR ÞRÓUN EFNAHAGSMÁLA

Megin- drættir

Almennt ástand efnahagsmála í umheiminum reyndist óhagstætt þriðja árið í röð með stöðnun eða samdrætti víða um lönd og miklum sveiflum og misgengi í vöxtum og gengi gjaldmiðla á alþjóðamörkuðum. Þetta hafði þó tiltölulega lítil áhrif á þjóðarþúskap Íslendinga framan af árinu, þar sem helsti útflutningsgjaldmiðillinn, dollarinn, styrktist verulega. Flest ytri skilyrði snerust þó til verri vegar, er á árið leið, og varð aukning þjóðarframleiðslu aðeins 1,3%, hin minnsta frá afturkipnum 1975. Enda þótt mismunandi þættir viðskiptakjara breyttust á ýmsa vegu, sneri styrkur dollars þeim til lítils háttar hækkunar á heildina litið, svo að þjóðartekjur munu hafa aukist um 1,6%. Að tiltölu við fjölda starfandi fólks er hér um enn eitt ár stöðnunar að ræða. Jafnframt þessu fór viðskiptahallinn vaxandi og nam nærri 5% af þjóðarframleiðslu. Skýrðist hann að nokkru af birgðaaukningu og innflutningi fjárfestingarvara, en var að öðru leyti afleiðing af innri þenslu og miklum erlendum lántökum. Framan af árinu voru gerðar víðtækar ráðstafanir til þess að draga úr verðbólgu og höfðu þær mest áhrif, meðan ytri skilyrði leyfðu tiltölulega litlar gengisbreytingar og grunnkaup hélst óbreytt. Við þetta dró verulega saman með verðbólgu og vöxtum, en að öðru leyti voru ekki gerðar ráðstafanir til þess að ljúka aðlögun lánskjara að marki verðtryggingar. Þróun peningamála hélst því í meginatriðum hagstæð fram um mitt árið, en úr því fór í vaxandi mæli að bera á þensluhneigð og misvægi á lánamarkaði, er virtist standa í sambandi við horfur á vaxandi verðbólgu og gengisfellingu krónunnar, er hlaut að verða í tiltölulega stórum skrefum sökum þeirrar hömlunar, er reynt var að beita. Fjárhagur ríkissjóðs í þrengri skilningi verkaði í aðhaldsátt, en sá árangur var að talsverðu leyti borinn uppi af aukningu innflutnings og almennrar veltu, sem meðfram var fjármögnuð af miklum erlendum lántökum, en þær voru helsti þensluvakinn á árinu.

Efnahagsmál í umheiminum 5

Á árinu 1981 höfðu samdráttaráhrif olíuverðhækkanna árin 1979 og 1980 að mestu fjarað út, en við tók aðlögunarskeið, sem ein-
kenndist af aðhaldssamri stefnu í efnahagsmálum víðast í

iðnaðarlöndunum. Flest vestræn iðnríki lögðu mikla áherslu á að draga úr verðbólgu og beittu í því skyni aðhaldsaðgerðum í peninga- og ríkisfjármálum. Aðlögunin nú er að því leyti frábrugðin því, sem gerðist í kjölfar olíuverðhækkanna 1973 og 1974, að stærstu iðnríkin hafa ekki lagt sömu áherslu á að halda uppi framleiðslu og atvinnu og þá. Þau hafa fremur kosið að taka á sig stöðnun framleiðslu og að draga sem mest úr verðbólgu og viðskiptahalla. Afleiðingin hefur orðið ört vaxandi atvinnuleysi og hægur hagvöxtur. Viðskiptahalli minnkaði talsvert, og verðbólga hefur verið mun minni en eftir olíukreppuna 1974.

Verg þjóðarframleiðsla í aðildarlöndum OECD er talin hafa vaxið um rúmt 1% á árinu 1981, sem er svipað og árið áður. Hægan hagvöxt á árinu 1981 má að nokkru rekja til þess, að í Bandaríkjunum dró úr framleiðslu á síðari helmingi ársins, og er ekki búist við breytingu þar á fyrr en kemur fram yfir mitt ár 1982. Aðhaldssamri stefnu í peningamálum í Bandaríkjunum hafa fylgt mjög háir vextir á dollurum, hinir hæstu í meira en öld. Vextir á flestum öðrum mikilvægum gjaldmiðlum hafa einnig verið háir og leitt til minnkandi lánsfjáreftirspurnar og þar með fjárfestingar.

Þrátt fyrir aðhaldsstefnu í efnahagsmálum hefur ekki dregið eins skjótt úr verðbólgu og vænst var. Í OECD-löndunum hækkaði neysluvöruverð um 12,9% að meðaltali 1980 og um 10,6% 1981, og á seinni helmingi ársins 1981 svaraði hækkunin til 8,6% á ári. Árangurinn er að vísu mjög misjafn eftir löndum. Á Norðurlöndum var verðbólga 12,5% að meðaltali 1980, 12,3% 1981, en 6,8% á seinni helmingi 1981. Hægur hagvöxtur hefur leitt af sér mjög aukið atvinnuleysi. Talið er, að 25 milljónir manna hafi verið atvinnulausar á árinu 1981 í OECD-löndunum, en það samsvarar rúmum 7% vinnuaflsins. Ætla má, að atvinnuleysi verði mikið næstu árin, enda þótt hagvöxtur kunni að glæðast nokkuð á ný áður en langt um líður. Hækkun á olíuverði á árunum 1979 og 1980 orsakaði stórauðinn viðskiptahalla þróaðra ríkja og vanþróaðra, en viðskiptaafgangur olíuútflutningsríkjanna jókst á móti og varð 110 milljarðar dollara á árinu 1980, en lækkaði í 35 milljarða dollara 1981. Vanþróuðum löndum gekk hins vegar mun verr að aðlagast hækkun olíuverði, og viðskiptahalli þeirra varð meiri 1981 heldur en 1980.

Um nokkurt árabíl hefur sjávarútvegurinn verið burðarás hagvaxtarins og skilað framleiðsluaukningu um tæp 12% á ári milli 1975 og 1980. Nú rakst þessi atvinnuvegur af meiri alvöru en áður á náttúrulegar takmarkanir sínar auk nokkurra markaðspregngsla, svo að hann skilaði ekki meiri framleiðsluaukningu en atvinnustarfsemin almennt. Stóriðja var að vísu í stakk búin til þess að gegna stærra hlutverki en fyrr, en orkuskortur hamlaði nýtingu aukinnar afkastagetu

Verðbólga og gengisfall

og markaðsskilyrði versnuðu mjög, er á árið leið. Annar og smærri iðnaður hefur lítið svigrúm haft til vaxtar um árabíl, einkum þær greinar, er verða fyrir harðri samkeppni frá innflutningi, en á umliðnu ári þrengdi einnig að útflutningsiðnaði. Hins vegar rétti flutningastarfsemi allmjög úr kútnum eftir undangengna erfiðleika.

Þjóðarframleiðslan er talin hafa aukist um aðeins 1,3% svo sem fyrr greinir. Af ráðstöfun framleiðsluverðmætisins varð mest aukning einkaneyslu 5% eftir stöðnun hennar árið á undan og þar næst samneyslu, en fjármunamyndun stóð því sem næst í stað eftir mikla aukningu árið áður, og talsverður samdráttur varð í íbúðabyggingum. Þjóðarútgjöld til innlendra nota jukust um tæp 4%, um þrefalt á við þjóðarframleiðslu, og olli það mestu um aukningu viðskipta-hallans úr 2,4% af þjóðarframleiðslu árið áður í 5%, en auk þess kom til talsverð birgðaaukning og veruleg aukning vaxtagjalda, sem stafar allt í senn af aukningu erlendra skulda og vaxtahækkun erlendis af völdum alþjóðlegrar verðbólgu.

Í upphafi ársins var verðbólga tekin að magnast mjög, einkum af völdum kjarasamninganna undir lok ársins á undan, er hertu mjög á víxlgangi kauplags og verðlags, áður en ríkisstjórnin hafði náð að móta ákveðna stefnu varðandi niðurfærslu verðbólgunnar. Hafði tólf mánaða hækkun framfærslukostnaðar náð 58% í febrúar, áður en aðgerðir voru komnar að marki til framkvæmda. Fólust þær einkum í því að skerða verðlagsuppbót á laun um 7 prósentustig, stöðva gengissig að sinni og herða enn á verðlagsaðhaldi með tiltekin lækkandi verðhækkunarmörk fyrir augum. Stefna þessi skilaði mestum árangri framan af árinu, en úr því tók hart gengisaðhald að þrengja verulega að atvinnuvegunum og þá sérstaklega þeim, er selt höfðu mest í veikari gjaldmiðlunum eða áttu við staðnað og jafnvel fallandi afurðaverð að búa. Af þessum sökum varð að slaka talsvert á gengisaðhaldi með haustinu. Þegar við það bættist nokkur grunnkauphækkun í nóvember, hafði undirstraumur verðbólgunnar þyngst á ný og ársfjórðungslegar hækkanir fóru vaxandi, þótt verðbólgan mældist minni milli áramóta en árið áður, enda hafði óvenjumiklum hækkunum verið komið frá fyrir lok ársins á undan. Árið 1981 skiladi þannig áþekkingu vanda og um fyrri áramót til úrlausnar á komandi ári. Að visu reis verðbólgan sjálf ekki jafnhátt, en þar á móti var við meiri misvægisvanda þjóðarbús og atvinnuvega að etja, er urðu tilefni meiri gengisfellingar og þar með verðbólguvaki.

Við staðnaðar rauntekjur, þrönga afkomu eða hallarekstur atvinnuvega og samdrátt þeirrar fjárfestingar, sem helst er tilefni til beins sparnaðar, árar ekki vel fyrir heildarsparnaði þjóðarbúsins og peningalegu jafnvægi. Aðlögun lánskjara í átt til fullrar verðtryggingar, ýmist með vísitölutengingu eða verðbótapætti vaxta, varð þó til þess


Peninga- og lánamál

að efla mjög peningalegan sparnað, einkum framan af árinu, á meðan verðbólga hjaðnaði til móts við lánskjörin. Úr því varð þyngra fyrir fæti, aukning sparnaðar minni, en útlána meiri, er leiddi til röskunar peningalegs jafnvægis. Versnandi afstaða milli verðbólguþigstigs og lánskjara átti þarna hlut að máli, en jafnframt því breytt framkvæmd gengisaðlögunar, er gerðist í stærri skrefum og hafði þannig í för með sér meiri hröðun innkaupa og gengisspákaupmennsku heldur en jafnt gengissig virðist gera. Átti þetta óefað nokkurn þátt í aukningu innflutnings, er var fyrirferðarmest á síðari hluta ársins, einkum þegar ljóst var, að stefndi í gengisbreytingu. Við peningastreymi af innlendum uppruna bættust mjög miklar erlendar lántökur. Aukning þeirra er annars vegar háð vexti þeirrar fjárfestingar, sem er venjuhelgað tilefni lántöku erlendis frá, en hins vegar tilhneigingar til aukinnar notkunar erlends lánsfjár til almennra framkvæmda hins opinbera og opinberra þjónustustofnana, sem skila ófullnægjandi greiðsluafgangi m.a. vegna aðhalds í verðlagningu. Við þessi skilyrði var jöfnum höndum brýnt að efla innlenda fjármögnun fjárfestingar eftir föngum sem og að kyrrsetja það fé, er kom utan að, umfram samtíma gjaldeyrisþarfir og fyrirbyggja þar með, að það yrði stofn nýrrar útlánaþenslu því til viðbótar, er gerðist með örum vexti innlendra peningastærða. Lausn þessa vanda gat ekki náðst fyrir tilstilli lánskjara, er ekki höfðu náð verðbólguþigsti, og var því gripið til hinnar sérstöku bindingar, er til var stofnað með nýrri lagasetningu á árinu. Náði sú binding síðsumars 5% af innlánnum, en var færð niður í áföngum, er lausafjárstaða innlánsstofnana þrengdist um haustið, og felld niður að sinni fyrir árslok. Með beitingu þessa nýja tækis og áhrifum verðtryggingar og bættra raunvaxta tókst að draga inn mikinn hluta þess fjár, er kom inn við nettóaukningu erlendra lána, og efla með því gjaldeyrisstöðuna.

Jöfnuður ríkisfjármála

Jákvæður jöfnuður ríkisfjármála var annað megin skilyrði þess, að árangur þessi náðist. Skilaði ríkissjóður umsömdum afborgunum til Seðlabankans í samræmi við fjárlagaáætlun og nokkrum stöðubata viðskiptareikninga að auki. Gildi þessa jafnaðar er í nokkrum mæli háð sams konar fyrirvara og áður greinir um þróun peningamála, þ.e. að notkun mikilla erlendra lána og önnur þensla þjóðarútgjalda valda tekjuauka umfram það, er svarar til jafnvægisástands í þjóðarbúskapnum. Ennfremur er ríkisbúskapurinn í hefðbundnum skilningi orðinn of þröngur til fullrar ályktunar um áhrif ríkisfjármálanna, þar sem mikill hluti opinberrar fjárraðstöfunar hefur færst yfir á svið lánsfjáráætlunar. Að því öllu meðtöldu blasir við önnur og talsvert óhagstæðari mynd af heildaráhrifum opinberra fjármála með miklum lántökum, einkum utan að, sem eru helsti þensluvaldur þjóðarbúsins og undirrót aukins viðskiptahalla.

Þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur



II. FRAMLEIÐSLA, TEKJUR OG VERÐLAG

Á árinu 1981 dró úr hagvexti fjórða árið í röð; þjóðarframleiðslan jókst um 1,3% samanborið við 2,8% árið áður. Þessi aukning þjóðarframleiðslunnar er sú minnsta, sem mælst hefur frá árinu 1975. Hér veldur mestu mun minni aukning útflutningsframleiðslu en á undanförunum árum, einkum sjávarafurðaframleiðslu. Útflutningsframleiðslan telst aðeins hafa aukist um 1,2%, sem er minna en á nokkru ári síðan 1975. Á árunum 1976—1980 var meðalvöxtur útflutningsframleiðslunnar 10,8% á ári. Aukning útflutningsframleiðslunnar á undanförunum árum var einkum borin uppi af miklum vexti sjávarafurðaframleiðslunnar, en á árunum 1976—1980 jókst hún að meðaltali um 12,7% á ári. Á síðasta ári urðu hins vegar snögg umskipti, að því er þetta varðar, og er talið, að hún hafi ekki aukist nema um 1,8%. Stafar þetta af minni aukningu botnfiskafla en 1980, samdrætti í frystingu og minni loðnu- og síldarafla. Viðskiptakjör landsins út á við bötnuðu um 1% á árinu 1981. Þjóðartekjur jukust því nokkru meira en þjóðarframleiðsla eða um 1,6%, sem er hið sama og árið áður. Þjóðartekjur á mann uxu aðeins um 0,4% samanborið við 0,5% árið 1980 og 0,7% samdrátt árið 1979. Þjóðartekjur á mann hafa því nánast staðið í stað frá árinu 1978. Undanfarin þrjú ár verða því að teljast stöðnunarskeið. Til samanburðar má geta þess, að þjóðartekjur á mann uxu um 3,7% að meðaltali á ári frá 1960 til 1981. Á árunum 1969—1975 uxu þjóðartekjur á mann um 5,0% á ári, en frá 1975 til 1981 var aukningin ekki nema 2,6% á ári að meðaltali. Viðskiptajöfnuður versnaði þriðja árið í röð, og nam hallinn 5% af vergri þjóðarframleiðslu samanborið við 2,4% halla

Tafla II.1. Vöxtur þjóðarframleiðslu og þjóðartekna.

(Árlegar breytingar í %)

	1976	1977	1978	1979	1980	1981
Verg þjóðarframleiðsla	2,6	6,0	3,5	4,4	2,8	1,3
Vergar þjóðartekjur	6,0	9,0	3,5	0,3	1,6	1,6
Þjóðarframleiðsla á mann	1,6	5,2	2,7	3,4	1,7	0,0
Þjóðartekjur á mann	5,0	8,1	2,7	-0,7	0,5	0,3

Viðskiptakjör



árið 1980. Í fyrsta skipti síðan 1977 varð vöruskiptahalli, 1% af þjóðarframleiðslu. Halli á viðskiptajöfnuði þýðir, að þjóðarútgjöld jukust meira en þjóðarframleiðsla, og nam aukning þeirra 4,2%.

Útflutningsverð í erlendri mynt hækkaði um 8,1% árið 1981, en innflutningsverð um 7,1%. Viðskiptakjörin bötnuðu því um 1% eins og áður segir. Að álviðskiptum slepptum bötnuðu viðskiptakjörin um 3,4%. Bati þeirra kemur í framhaldi af mikilli versnun næstu tvö árin á undan. Frá árinu 1978 til ársins 1980 versnuðu viðskiptakjörin án álviðskipta um 15,5%. Þrátt fyrir bata á árinu 1981 eru þau enn rýr miðað við undanfarin ár. Á síðasta áratug urðu viðskiptakjörin aðeins tvisvar lakari en þau voru árið 1981, þ.e. árin 1975 og 1980. Bati viðskiptakjaranna á árinu 1981 stafaði einkum af meiri verðhækkun sjávarafurða en næstu tvö ár á undan og minni verðhækkun á olíu. Án áls hækkaði útflutningsverð í erlendri mynt um 10,6% árið 1981. Sjávarafurðir hækkuðu um 11,6%, en hækkun þeirra varð 4,4% árið 1980 og 5,6% árið 1979. Þetta má einkum rekja til meiri hækkunar á verði frystra sjávarafurða en árið áður, en ætla má, að það hafi hækkað um 11,6% í erlendri mynt. Nokkur hækkun varð á heildina litið á verði frystra sjávarafurða í Bandaríkjadollurum, en mestan hluta hækkunarinnar má rekja til hækkunar dollars gagnvart öðrum myntum. Af öðrum sjávarafurðum hækkaði saltfiskur í verði um 25,6% í erlendri mynt, skreið um 12,4% og lýsi um 1,2%. Hins vegar varð verðlækkun á mjöli um 1%. Hækkun saltfisks- og skreiðarverðsins má að nokkru leyti rekja til hækkunar Bandaríkjadollars. Hækkun hans er þó ekki einhlítur áhrifavaldur eins og sést á verði lýsis og mjöls, sem venjulega er skráð í dollurum, en það hefur lækkað í dollurum nokkurn veginn í takt við hækkun hans. Hætt er því við, að sá hluti hækkunar saltfisks- og skreiðarverðs, sem á rætur að rekja til styrkingar dollars, gangi til baka, þegar nýir sölusamningar verða gerðir. Útflutningsverð iðnaðar án stóriðju hækkaði einungis um 1,8% í erlendri mynt samanborið við 13,1% hvort árána 1979 og 1980. Kann hér að einhverju leyti að birtast hin hliðin á styrkingu dollars gagnvart Evrópumyntum, en mikill hluti þessa útflutnings fer einmitt til Evrópu.

Innflutningsverð að frátöldum aðföngum til álversins hækkaði um 6,9% samanborið við 9,1% árið 1980 og 20,2% árið 1979. Mest dró úr hækkun olíuverðs, sem var 13,9% samanborið við 18% hækkun árið 1980 og 90,7% hækkun árið 1979. Neysluvörur eru taldar hafa hækkað um 6,6% og rekstrarvörur án olíu um 8,9%. Minni hækkun olíuverðs og reyndar innflutningsverðs í heild stafa m.a. af efnahagssamdrættinum í umheiminum. Óhagstæð þróun innflutningsverðs gæti því að einhverju leyti endurtekið sig, þegar efnahagsleg uppsveifla á sér stað á ný.


Framleiðsla og hagur atvinnuvega

Heildarfiskaflinn varð um 1.412 þúsund tonn samanborið við 1.509 þúsund tonn árið 1980. Stafaði aflaminnkunin að mestu leyti af samdrætti loðnuafllans annað árið í röð. Loðnuveiðar voru stöðvaðar í desember vegna lélegs ástands loðnustofnsins, og horfir nú þunglega um framhald loðnuveiða. Alls varð loðnuafllinn 641 þúsund tonn samanborið við 760 þúsund tonn árið 1980. Botnfiskaflinn jókst á árinu og varð 698 þúsund tonn samanborið við 659 þúsund tonn árið áður. Þar af varð þorskaflinn 449 þúsund tonn. Hér er um algjört met að ræða frá upphafi vega, bæði að því er varðar botnfiskafla í heild og þorskafla. Talið er þó, að verðmæti heildaraflans á föstu verðlagi hafi minnkað um 2,2%.

Afkoma botnfiskeiðiflotans er talin hafa verið ívið lakari en á árinu 1980 þrátt fyrir nokkra aflaaukningu. Afkoma loðnuflotans var hins vegar mun lakari sökum minni afla. Árið 1981 einkenndist af mjög miklu misræmi á milli afkomu einstakra fiskvinnslugreina. Sama var einnig uppi á teningnum árið 1980 og er nú svo komið, að þessi misþróun er farin að segja nokkuð til sín í breyttri samsetningu sjávarafurðaframleiðslunnar. Frystingin stóð höllum fæti árið 1980, og á árinu 1981 hallaði enn á. Þessi þróun á rætur að rekja til mismunandi verðþróunar eins og rakið er hér að framan. Þetta leiddi til samdráttar í frystingu botnfisks á bilinu 7—8%. Afkoma saltfiskverkunar var svipuð og árið 1980, en þá var hún nokkuð góð. Talið er, að saltfiskframleiðslan hafi aukist um 14—15% á árinu, en um 30% árið áður. Afkoma skreiðarframleiðslu var mjög góð á árinu, en er þó talin hafa verið svipuð eða ívið verri en árið áður. Skreiðarframleiðslan jókst mikið annað árið í röð eða um 50%, en þrefaldaðist árið áður.

Breytta samsetningu framleiddra sjávarafurða má meðal annars sjá með því að líta á sundurliðun útfluttra sjávarafurða. Árið 1977 námu frystar botnfiskafurðir 44,6% útflutningsverðmætis sjávarafurða. Síðan hefur hlutdeild þeirra minnkað og var á síðasta ári komin niður í 33,6%. Á sama tíma hefur hlutdeild saltfisks vaxið úr 14,5% í 20,9% og skreiðar úr 3,2% í 15,9%. Ef litið er á hagnýtingu þess hluta botnfiskaflans, sem skiptist milli þessara þriggja vinnslugreina, þá fóru 64,1% í frystingu árið 1977, 29,1% í söltun og 6,8% í herslu. Á árinu 1981 höfðu þessi hlutföll breyst þannig, að 50,3% fóru í frystingu, 29,1% í söltun og 20,6% í herslu. Of snemmt er að spá um, hvort hér er um varanlegar breytingar að ræða.

Álframleiðslan varð 74,6 þúsund tonn og hafði aukist um 2%. Álframleiðslan hefur ekki verið meiri í annan tíma. Framleiðslugeta álversins hefur aukist um 11 þúsund tonn á undanförunum tveimur árum, en nýting þess hefur versnað vegna orkuskorts. Efnahagssamdrátturinn í heiminum varð þess valdandi, að álútflutningur dróst




Ráðstöfun þjóðarframleiðslunnar

saman annað árið í röð, og var samdrátturinn 6,1% 1981, en 11,7% árið 1980. Því hefur átt sér stað þó nokkur birgðaaukning á undanförunum tveimur árum. Meðalstaða birgða sem hlutfall af framleiðslu ársins var 18,6% á árinu, sem er hæsta birgðastig síðan á árunum 1975 og 1976. Framleiðsla kísiljárns jókst um 18% og útflutningur um 26,8%. Framleiðslugeta járnblendiverksmiðjunnar jókst þó mun meira en þessu nemur, og minnkaði því nýting hennar töluvert. Er talið, að verksmiðjan hafi aðeins verið rekin með um 61% afköstum, einkum vegna skorts á orku, og hafði það, ásamt lækkun útflutningsverðs í dollurum, slæm áhrif á afkomu hennar. Framleiðsla á kísilgúr jókst um 6,7% og útflutningur um 7,7%. Önnur útflutningsframleiðsla iðnaðarvара minnkaði um 3,5% samanborið við 15% aukningu árið 1980 og 20% aukningu árið 1979. Útflutningsframleiðsla landbúnaðarvара dróst saman um 12%. Í heild jókst útflutningsframleiðslan um 1,2% eins og áður segir. Afkoma útflutningsiðnaðar versnaði á árinu, svo sem ráða má af samdrætti í framleiðslu og óhagstæðri verðþróun. Tölur um söluskattsveltu á fyrstu þrem ársfjórðungum ársins benda til þess, að einhver aukning hafi orðið á iðnaðarframleiðslu fyrir heimamarkað frá árinu áður. Á árinu 1980 er áætlað, að iðnaðarframleiðslan hafi aukist um 3%, en aukningin var 3,2% árið 1979. Tölur um söluskattsveltu ásamt heimildum um útflutningsframleiðslu benda til, að iðnaðarframleiðsla án áls og kísiljárns hafi aukist lítillega á árinu 1981. Að áli og kísiljárnmi meðtöldu verður aukningin meiri.

Landbúnaðarframleiðslan er talin hafa minnkað um 3%, ef tekið er tillit til bústofnsbreytinga. Árferði var landbúnaðinum óhagstætt sökum kulda, en árið var hið næstkaldasta á öldinni. Fallþungi dilka minnkaði um 2 kg, en þrátt fyrir það jókst framleiðsla kindakjöts um 2%. Mjólkurframleiðsla dróst saman um 3,8%.

Hagur verslunar virðist hafa verið mjög góður á árinu. Veltuaukning fyrstu þrjá fjórðunga ársins var 8,1% umfram verðlagshækkunir frá sama tímabili árið áður.

Af einstökum liðum innlendrar verðmætarádstöfunar jókst einkaneysla mest eða um 5%, en hún hafði staðið í stað frá 1974 til 1980. Eins og jafnan var náið samband við innflutning, og jókst hann um 8,5% á föstu verði. Samneysla jókst um 2% eða jafnmikið og árið áður og nam 11,8% af vergri þjóðarframleiðslu, lítið eitt lægra hlutfalli en næstu tvö ár á undan, en þó yfir meðaltali síðasta áratugar. Fjármunamyndun jókst um 2,1% samanborið við 8,7% árið 1980. Fjármunamyndun atvinnuveganna jókst um 6,3%. Íbúðarhúsabyggingar drógust hins vegar saman um 10% og er það þriðja árið í röð, sem samdráttur verður í íbúðarhúsabyggingum. Fjármunamyndun í íbúðarhúsum var 5% af vergri þjóðarfram-



leiðslu, en hafði verið vel fyrir ofan 5% síðan á árinu 1972. Opinber fjárfesting jókst um 4,1% samanborið við 19,9% aukningu árið 1980. Fjármunamyndun í rafvirkjunum og rafveitum jókst um 7,9%, en 3,2% samdráttur varð í hita- og vatnsveituframkvæmdum. Opinber fjárfesting var 10,6% af vergri þjóðarframleiðslu á árinu, sem er örlitlu hærra hlutfall en á árinu 1980, en yfir meðaltali síðasta áratugar, sem var 9,9%. Fjármunamyndunin í heild var 27,3% af vergri þjóðarframleiðslu samanborið við 27,2% árið 1980. Að meðtöldum birgðabreytingum var heildarfjárfestingin 28,5% af þjóðarframleiðslu. Innlendir sparnaður nam hins vegar ekki nema 23,5% af þjóðarframleiðslu samanborið við 25,6% árið 1980. Erlend fjármögnun fjárfestingarinnar nam því 5% af vergri þjóðarframleiðslu, sem samsvarar viðskiptahallanum. Í reynd er þó innlendir sparnaður meiri og erlend fjármögnun minni en þetta, þar sem hluti vaxta af erlendum lánum svarar til alþjóðlegrar verðbólgu og raunverulegrar verðyrnunar erlendu lánanna, svo að ný erlend lán eru að þessu marki endurfjármögnun fyrri lána. Í heild jókst verðmætaráðstöfun um 4,2%, en án birgðabreytinga var aukningin 3,9%.

Kjarasamningar

Á árinu voru gerðir kjarasamningar við helstu launþegasamböndin, að sjómönnum undanskildum. Ekki kom til verkfalla í þessari samningalotu nema í deilu bókagerðarmanna og prentsmiðjueigenda. ASÍ og VSÍ riðu á vaðið með undirritun kjarasamninga hinn 14. nóvember. Gildistími samningsins var frá 1. nóvember 1981 til 15. maí 1982. Samkvæmt samningnum hækkuðu grunnlaun um 3,25% frá 1. nóvember. Einnig var gert ráð fyrir, að lágmarkstekjur fyrir fulla dagvinnu skyldu vera kr. 5.214 á mánuði frá 1. nóvember að telja. Talið er, að grunnkaup félaga ASÍ hafi hækkað um nálægt 4% vegna þessara samninga. Samningar milli SÍB og bankanna og BSRB og ríkisins voru að mestu sniðnir eftir samningi milli ASÍ og VSÍ. Gildistími allra þessara samninga var frá þeim degi, sem gömlu samningarnir runnu út, en ekki frá undirritunardegi eins og tíðkast hefur.

Kaupmáttur og tekjur

Kauptaxtar allra launþega hækkuðu um 49,1% milli ársmeðaltala 1980 og 1981. Framfærslukostnaður hækkaði nokkru meira, og kaupmáttur kauptaxta minnkaði því um 1,2%. Er þetta þriðja árið í röð, sem kaupmáttur kauptaxta fellur, en hann minnkaði um 4,9% árið 1980 og 0,1% árið 1979. Kaupmáttur kauptaxta er sýndur á meðfylgjandi línuriti. Atvinnutekjur allra launþega að meðtöldum sjómönnum og bændum jukust um 54% í heild, en um það bil 52,2% á mann. Kaupmáttur atvinnutekna á mann hefur því vaxið um 0,8% á árinu, sé miðað við vísitölu framfærslukostnaðar. Til samanburðar má geta þess, að ætla má, að kaupmáttur atvinnutekna á mann hafi minnkað um 3,6% á árinu 1980. Bæði árin aukast atvinnutekjurnar




meira en kauptaxtar. Stafar þetta líkast til bæði af launaskriði og tilfærslum milli tekjuhópa. Sem vísbendingu um launaskrið má nefna, að greitt tímakaup verkafólks og iðnaðarmanna samkvæmt upplýsingum Kjararannsóknarnefndar hækkaði um 2,3% umfram kaup-taxta á árinu 1980, og frá 2. ársfjórðungi 1980 til 2. ársfjórðungs 1981 hækkaði það um 1% umfram kaup-taxta. Ef eigna- og tilfærslutekjum er bætt við atvinnutekjur, fást heildartekjur fyrir skatt. Er kaupmáttur þeirra á manni talinn hafa vaxið um 1,8%, og er þá miðað við verðvísitölu einkaneyslu. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á manni jókst um 1,9%, þannig að skattbyrði hefur minnkað eitthvað á árinu. Til samanburðar má geta þess, að kaupmáttur heildartekna á manni minnkaði um 1,2% árið 1980 og kaupmáttur ráðstöfunartekna um hið sama. Kaupmáttur ráðstöfunartekna er sýndur á meðfylgjandi línuriti.

Atvinna

Atvinnuástand var gott á árinu. Atvinnuleysið nam 0,4% af manna-afla samanborið við 0,3% árið áður. Samkvæmt upplýsingum Kjararannsóknarnefndar var vikulegur vinnutími verkafólks og iðnaðarmanna ívið lengri tvo fyrstu fjórðunga ársins en á sama tíma árið áður eða 49,9 stundir samanborið við 49,2 stundir árið 1980.

Verðþróun

Í lok ársins 1980 var verðbólgan í miklum vexti, m.a. af völdum kjarasamninga, sem þá höfðu verið gerðir. Stjórnvöld gripu því til þeirrar aðgerðar að skerða verðbætur um 7% 1. mars. Einnig var ákveðið að halda genginu föstu í nokkra mánuði. Ljóst er, að þessar aðgerðir urðu til þess að draga úr verðbólgu. Lækkun verðbólgunnar stafar þó einnig af minni hækkun innflutningsverðs í erlendri mynt en á árinu 1980 og minni hækkun á meðalverði erlendra gjaldmiðla í krónum talið. Minnkandi verðbólga í umheiminum og styrking dollarsins hafa því lagst á sveif með stjórnvaldsaðgerðum til að draga úr hraða verðbólgunnar. Ekki er hægt að greina með einhlítum hætti, hver voru áhrif stjórnvaldsaðgerða annars vegar og ytri aðstæðna hins vegar á verðbólguferilinn. Það getur þó gefið nokkra vísbendingu að líta á, hvernig einstakir þættir framfærslukostnaðar hafa breyst. Framfærslukostnaður í heild hækkaði um 50,9% milli ársmeðaltala 1980 og 1981. Innfluttar vörur í framfærslukostnaðinum hækkuðu um 46,2%, en innlendar vörur og þjónusta hækkuðu um 53,1%. Af innlendu liðunum hækkuðu landbúnaðarafurðir mest eða um 64,3%, þjónusta hækkaði um 50,7% og húsnæði um 53,4%. Aðrar innlendar vörur hækkuðu hins vegar um 45,9%, en á árunum 1979 og 1980 hækkaði þessi liður meira en framfærslukostnaður í heild. Að hverju leyti sjást hér merki hertrar verðstöðvunar stjórnvalda, en einnig stafar þessi tiltölulega litla hækkun á verði innlendra vara af því, að innfluttar vörur, sem þær keppa við, hækkuðu ekki meira en raun ber vitni.



Tólf mánaða hækkun framfærslukostnaðar var 58,0% í febrúar 1981. Var þá farið að gæta áhrifa kjarasamninganna frá árinu áður. Þar sem gengisbreytingar voru fremur litlar milli fyrsta og annars ársfjórðungs, svo og fyrir aðgerðir stjórnvalda dró úr verðbólgunni, og var 12 mánaða hækkun framfærslukostnaðar 50,7% í maí. Einnig hafði dregið mikið úr hækkun innflutningsverðs. Án niðurgreiðslna var hækkun framfærslukostnaðar 52,5% í maí. Verðbólgan hélt áfram að minnka, þegar líða tók á árið. Tólf mánaða hækkun framfærslukostnaðar varð 49,2% í ágúst og svipuð án niðurgreiðslna, en 47,9% í nóvember. Án niðurgreiðslna var hækkunin 45,9% í nóvember, sem bendir til, að þær hafi minnkað hlutfallslega á þessu tímabili. Alls varð hækkun framfærslukostnaðar 41,1% frá upphafi til loka árs samanborið við 59,7% árið áður. Hækkun framfærslukostnaðar varð 50,9% milli ársmeðaltala áranna 1980 og 1981, en sambærileg hækkun varð 58,5% árið 1980. Byggingarkostnaður hækkaði nokkru meira eða um 51,8% milli ársmeðaltala og 45,2% frá upphafi til loka árs. Lánskjaravísitalan er einnig mælikvarði á verðlagsþróun, að vísu ofin saman af hinum báðum og tafir um tæpa tvo mánuði frá verðmælingu. Hún hækkaði um 51,5% milli ársmeðaltala, en um 47,6% frá upphafi til loka árs.


Aukinn halli á viðskiptajöfnuði

III. GREIÐSLUJÖFNUÐUR OG UTANRÍKISVIÐSKIPTI

Talsvert lakari útkoma varð á viðskiptajöfnuði landsins árið 1981 en næstu ár á undan. Halli viðskiptajafnaðar nam 1.008 m.kr., sem samsvarar um 5% af vergri þjóðarframleiðslu 1981. Verður það að teljast nokkuð mikill halli, sé það haft í huga, að þjóðarbúið varð ekki fyrir neinum sérstökum áföllum á árinu. Hins vegar var fjármagnsjöfnuður nokkru hagstæðari en nam halla á viðskiptajöfnuði, sem varð til þess, að heildargreiðslujöfnuður varð hagstæður um 435 m.kr., sem er heldur hærri fjárhæð en árið áður, þótt reiknað sé á sambærilegu gengi.

*Tafla III.1. Greiðslujafnaðaryfirlit.
(Í m.kr. á meðalgengi 1981)*

	1980	1981
Innfluttar vörur, f.o.b.	—5908	—6732
Útfluttar vörur, f.o.b.	6118	6536
Vöruskiptajöfnuður	210	—196
Þjónustujöfnuður	—639	—812
Viðskiptajöfnuður	—429	—1008
Framlög án endurgjalds	—27	—23
Fjármagnsjöfnuður	803	1442
Úthlutun SDR	22	24
Heildargreiðslujöfnuður	369	435



Hallinn á viðskiptajöfnuði er mun meiri en áætlanir og spár fyrir á árinu gerðu ráð fyrir. Almennt var talið fram eftir ári, að viðskiptajöfnuður gæti haldist sem næst hallalaus. Það var ekki fyrir en á síðustu mánuðum ársins, að ljóst varð, hvert stefndi. Ástæðurnar fyrir halla viðskiptajafnaðarins eru margvíslegar. Vöruútflutningur jókst aðeins um 7% árið 1981,¹⁾ sem er mun minni aukning en árið áður, er hann jókst um rúm 16%. Þá varð og veruleg aukning á almennum innflutningi, langt umfram það, sem spáð hafði verið. Í þriðja lagi varð talsverður halli á þjónustujöfnuði, og nemur hann um fjórum fimmtu af halla viðskiptajafnaðarins.

¹⁾ Allur talnasamanburður milli ára í þessum kafla er gerður á sambærilegu gengi, annaðhvort meðalgengi eða árslokagengi 1981, eftir því sem við á.

Útflutningur

Hin hæga aukning útflutnings árið 1981 kemur að verulegu leyti til af því, að samdráttur varð í útflutningi iðnaðarværa á árinu um 5,1%, en þar munar mest um minnkun álútflutnings um 14,7%. Útflutningur sjávarafurða jókst hins vegar um 11,7%, en það er þó mun minni aukning en árið áður, er hann jókst um 16,5%. Talsverðar sveiflur urðu í útflutningi einstakra tegunda sjávarafurða árið 1981 miðað við árið á undan. Munar þar mestu, að samdráttur varð í útflutningi á frystum fiskflökum um 1,5%, en útflutningur flaka nemur um þriðjungi af heildarútflutningi sjávarafurða 1981. Hins vegar varð mikil aukning á saltfiskútflutningi, 38,5%, og á skreið, 76,4%, og komst verðmæti þessara tveggja vöruflokka árið 1981 upp í nær 37% af heildarverðmæti útflutnings sjávarafurða. Lítil breyting varð á útflutningi mjöls og lýsis. Verðmæti útflutts mjöls stóð í stað, og útflutningsverðmæti lýsis minnkaði um 6,6%. Breytingarnar í útflutningi sjávarafurða stafa annars vegar af breyttum aflabrögðum og áhrifum aflatakmarkana og hins vegar af breyttum markaðsaðstæðum og verðlagi erlendis.

Verulega rýmkaðist um sölu á saltfiski til Portúgals og skreiðar til Nígeríu, og varð það til þess, að aukinn hluti aflans fór í vinnslu fyrir þessa markaði, enda var verð á þessum mörkuðum tiltölulega hagstætt miðað við verðlag á frystum fiskafurðum. Samkeppni á Bandaríkjamarkaði harðnaði verulega með tilkomu aukins framboðs fiskafurða frá öðrum löndum en Íslandi, m.a. Kanada, en framboð þetta fór nær því að jafnast á við íslensk gæði en áður hafði þekkt. Markaðsaðstæður fyrir aðrar vörur en sjávarafurðir voru einkar lélegar á árinu 1981. Eftirspurn eftir áli dróst saman, sem kom fram bæði í stöðnuðu útflutningsmagni og lækkuðu útflutningsverðmæti. Markaður fyrir kísiljárn var einnig takmarkaður og sömuleiðis fyrir

*Tafla III.2. Útflutningur helstu vöruflokka.
(F.o.b.-verð í m.kr. á meðalgengi ársins 1981)*

	1977	1978	1979	1980	1981
Sjávarafurðir	2705	3407	3932	4580	5116
Þar af: Saltfiskur	393	455	578	770	1067
Skreið	86	187	96	460	813
Frystur þorskafli	1207	1488	1724	1751	1717
Lýsi	198	207	229	213	218
Mjöl	436	552	507	497	423
Humar, rækja, hörpudiskur	115	137	140	192	195
Saltsild	72	106	147	143	160
Landbúnaðarafurðir	86	103	134	106	89
Iðnaðarvörur	806	882	1137	1326	1258
Þar af: Ál	538	598	708	743	634
Kísiljárn	—	—	63	111	123
Aðrar iðnaðarvörur	268	284	366	472	501
Aðrar vörur	73	69	59	106	73
Útflutningur alls	3670	4461	5262	6118	6536

kísiljárn. Útflutningur landbúnaðarafurða dróst saman, aðallega vegna þess, að Norðmenn kaupa stórum minna af dillkakjöti en áður. Markaður fyrir aðrar iðnaðarvörur var mun eðlilegri, en afkoma margra útflutningsfyrirtækja skaðaðist af því, að þau seldu í Evrópumyntum, sem lækkuðu talsvert í gengi gagnvart dollar á árinu.

Tafla III.2. sýnir skiptingu útflutnings á helstu vöruflokka sl. fimm ár, en tölur fyrri ára hafa verið umreiknaðar til meðalgengis ársins 1981. Verðmæti sjávarafurða í heildarútflutningi nam rúmum 78% árið 1981, sem er heldur hærra hundraðshluti en undanfarin ár, þegar hann hefur verið kringum 75%. Stafar það af minni útflutningi iðnaðarvara og landbúnaðarafurða, svo sem áður er greint frá.

*Tafla III.3. Skipting inn- og útflutnings eftir löndum.
(Í prósentum af heildarinn- og útflutningi)*

	1977	1978	1979	1980	1981
<i>Innflutningur:</i>					
EFTA	20,5	22,1	22,7	21,3	23,9
EBE ¹⁾	47,3	47,1	46,4	44,0	44,4
Austur-Evrópa	12,3	10,3	12,7	11,1	9,3
Norður-Ameríka	6,9	7,5	7,1	10,8	8,9
Önnur lönd	13,0	13,0	11,1	12,8	13,5
<i>Útflutningur:</i>					
EFTA	14,6	12,9	13,6	15,1	17,7
EBE ¹⁾	31,5	33,1	39,8	38,7	31,3
Austur-Evrópa	12,2	7,7	8,1	8,9	7,9
Norður-Ameríka	30,5	29,7	28,5	22,1	21,5
Önnur lönd	11,2	16,6	10,0	15,2	21,6


¹⁾ Grikkland meðtalið.

**Skipting
útflutnings
eftir löndum**

Tafla III.3. sýnir skiptingu inn- og útflutnings eftir löndum. Venjulega er hlutfallsleg skipting á utanríkisviðskiptum landsins mjög stöðug milli ára, nema til komi sérstök viðskipti, svo sem flugvéla- og skipakaup eða stórfelldar oliuverðhækkningar, en að þessu sinni hafa orðið verulegar breytingar á skiptingu útflutnings eftir löndum, sem má rekja til hinna stórauðna viðskipta við Portúgal og Nígíeríu. Við þetta lækkar hlutur EBE-landanna, Austur-Evrópu og Norður-Ameríku, en hlutur EFTA eykst — en þar telst Portúgal til — svo og hlutur annarra landa, en þar flokkast Nígíería. Á meðalgengi ársins 1981 jókst útflutningur til Portúgal úr 291 m.kr. 1980 í 702 m.kr. 1981 og útflutningur til Nígíeríu úr 434 í 858 m.kr. Til samans tóku þessi tvö lönd 23,8% af heildarvöruútflutningi Íslendinga árið 1981.

**Þirgðir út-
flutningsvara**
18

Í töflu III.4. er gerð grein fyrir verðmæti útflutningsvörubirgða í árslok sl. fimm ár, miðað við verðlag í lok hvers árs, en umreiknað miðað við skráð gengi dollars í árslok 1981. Þar kemur fram, að heildarverðmæti útflutningsvörubirgða hefur aukist heldur meira en ætla



*Tafla III.4. Útflutningsvörubirgðir.
(Í m.kr. á gengi dollars í árslok 1981)*


	1977	1978	1979	1980	1981
Sjávarafurðir	776	548	787	824	1030
Landbúnaðarafurðir	52	81	73	47	64
Kísilgúr	1	1	3	3	4
Ál	93	80	49	110	202
Kísiljárn	—	—	22	27	30
	922	710	934	1011	1330

hefði mátt í meðalári, en um þriðjungur af þeirri aukningu er í áli einu saman. Meðal sjávarafurða hefur helst orðið aukning á birgðum freðfisks fyrir Bandaríkjamarkað svo og á loðnumjöli.

*Tafla III.5. Heildarinnflutningur.
(Í m.kr. á meðalgengi ársins 1981)*

	1980	1981	Breyt. í % 1980—1981
Innfluttar vörur, alls f.o.b.	—5908	—6732	13,9
Sérstakar fjárfestingarvörur	—476	—557	17,0
Þar af: Skip og flugvélar	—329	—334	1,5
Vegna Þjórsárvirkjana	—48	—130	170,8
Vegna álbræðslu	—52	—86	65,4
Vegna járnblendiverksmiðju	—47	—7	—85,1
Rekstrarvörur v/álbræðslu	—396	—396	—
Rekstrarvörur v/járnblendiverksmiðju	—34	—67	97,1
Almennur innflutningur	—5002	—5712	14,2
Þar af: Olía	—994	—1089	9,6
Annað	—4008	—4623	15,3

**Þróun inn-
flutnings**




Þróun innflutnings á árinu 1981 markast að verulegu leyti af því, að dregið var úr lækkun á gengi krónunnar á árinu, sem hafði þau áhrif, að hlutfallið milli verðs á innlendri vöru og þjónustu og innflutningi færðist hinu síðarnefnda í vil og varð því til að auka innflutning, sérstaklega þegar á árið leið. Alls jókst vöruinnflutningur um 13,9% milli áranna 1980 og 1981. Innflutningur sérstakra fjárfestingarvara, sem einnig jókst um tæp 17%, skýrir mjög lítinn hluta af þessari aukningu. Hún liggur að langmestu leyti í þróun almenns innflutnings. Honum er skipt í olíuinnflutning annars vegar og allan annan innflutning hins vegar. Síðari liðurinn endurspeglar hvað best hina almennu eftirspurn eftir vörum í efnahagskerfinu og hvernig hún kemur fram í innflutningi. Almennur innflutningur án olíu jókst um 15,3%. Er þetta nokkuð mikil aukning miðað við fyrri ár og umfram spár, sem gerðar voru á sl. ári. Má ætla, að hér hafi verið á ferðinni talsverð spákaupmennska á síðustu mánuðum ársins, sem flýtti innflutningskaupum, svo sem vill verða, þegar umræður um gengisáðgerðir eiga sér stað, en slíkar áðgerðir dragast á langinn. Innflutningur olíu sýndi hins vegar mun hagstæðari þróun á árinu 1981 en á árinu á undan, m.a. vegna þess, að verð á olíu hækkaði mun minna en árið á undan. Heildarverðmæti olíuinnflutnings jókst alls um 9,6% á árinu.

*Tafla III. 6. Almennur innflutningur.
(C.i.f.-verð í m.kr. á mánaðarlegu meðalgengi 1981)*

	1980			1981			Hlutfallsleg breyting %		
	Olía	Annar	Alls	Olía	Annar	Alls	Olía	Annar	Alls
Janúar	123	319	442	63	267	330	-48,8	-16,3	-25,3
Febrúar	120	300	420	103	303	406	-14,2	1,0	-3,3
Mars	58	351	409	104	375	479	-79,3	6,8	17,1
Apríl	34	324	358	74	365	439	117,6	12,7	22,6
Mái	58	399	457	46	457	503	-20,7	14,5	10,1
Júní	121	391	512	120	532	652	-0,8	36,1	27,3
Júlí	122	406	528	60	480	540	-50,8	18,2	2,3
Ágúst	128	362	490	69	393	462	-46,1	8,6	-5,7
September . .	46	388	434	148	497	645	221,7	28,1	48,6
Október	90	434	524	145	505	650	61,1	16,4	24,0
Nóvember . . .	109	411	520	127	529	656	16,5	28,7	26,2
Desember . . .	64	400	464	120	548	668	87,5	37,0	44,0
I	301	970	1271	270	945	1215	-10,3	-2,6	-4,4
II	213	1114	1327	240	1354	1594	12,7	21,5	20,1
III	296	1156	1452	277	1370	1647	-6,4	18,5	13,4
IV	263	1245	1508	392	1582	1974	49,0	27,1	30,9
Alls	1073	4485	5558	1179	5251	6430	9,9	17,1	15,7

Tafla III.6. sýnir mánaðarlegan almennan innflutning árin 1980 og 1981, skipt á olíuinnflutning og annan almennan innflutning á mánaðarlegu meðalgengi 1981, þ.e. tölur fyrir hvern mánuð 1979 hafa verið umreiknaðar til sambærilegs gengis viðkomandi mánaðar 1981




samkvæmt vísitölu meðalgengis þess mánaðar. Eru hér notaðar c.i.f.-tölur, en í töflu III.5. eru innflutningstölur á f.o.b.-grundvelli. Notkun c.i.f.-talna auk mánaðarlegs meðalgengis gerir það að verkum, að nokkurs misræmis gætir milli talna um prósentuaukningu í töflum III.5. og III.6.

Vöruskipta- jöfnuður

Vöruskiptajöfnuður 1981 var óhagstæður um 196 m.kr., en var árið áður hagstæður um 210 m.kr., þannig að hér er um 400 m.kr. rýrnun milli ára að ræða. Sé vöruskiptajöfnuður árána 1980 og 1981 hins vegar leiðréttur fyrir breytingu útflutningsvörubirgða og sveiflum í innflutningi sérstakra fjárfestingarvara, sem jafnaðar eru milli ára með meðaltali síðustu þriggja ára, reynist vöruskiptajöfnuður vera 182 m.kr. óhagstæðari 1981 en árið áður.

Þjónustujöfnuður

Þjónustujöfnuður 1981 sýnir halla, er nemur 812 m.kr., borið saman við 639 m.kr. árið áður. Milli árána 1980 og 1981 jókst þjónustuútflutningur og -innflutningur um sama hundraðshluta, 27%, en aukning einstakra liða á tekju- og gjaldahlíð var mjög mismunandi. Útgjöld vegna ferðakostnaðar erlendis jukust um 39%, en tekjur af erlendum ferðamönnum hins vegar aðeins um 3%. Þróunin í samgöngujöfnuðinum reyndist í hagstæða átt eftir nokkur ár í hina gagnstæðu; útgjöld vegna samgangna hækkuðu aðeins um 16%, en tekjur um 42%, og náðist þar nær jöfnuður. Hins vegar varð mikil hækkun á vaxtagjöldum af erlendum skuldum, 50% eða 318 m.kr., sem ein sér skýrir meira en alla rýrnun í þjónustujöfnuði milli ára.



Tafla III.7. Þjónustujöfnuður 1980—1981.
(Í m.kr. á meðalgengi ársins 1981)

	1980	1981	Hækkun í % 1980—1981
Þjónustujöfnuður	—639	—812	.
Innflutt þjónusta, alls	—2495	—3178	27
Útflutt þjónusta, alls	1856	2366	27
Útgjöld af ferða- og dvalarkostnaði	—363	—503	39
Tekjur af erlendum ferðamönnum	154	158	3
Útgjöld vegna samgangna	—1063	—1230	16
(Par af vegna flugfélaga)	(—316)	(—490)	(55)
Tekjur af samgöngum	851	1210	42
(Par af vegna flugfélaga)	(425)	(706)	(66)
Vaxtagjöld	—642	—960	50
Vaxtatekjur	86	158	84
Útgjöld vegna trygginga	—77	—90	17
Tekjur af tryggingum	63	73	16
Tekjur af varnarliði, nettó	455	497	(9)
Ýmis útgjöld	—350	—395	13
(Par af vegna álbræðslu)	(—167)	(—182)	9
Ýmsar tekjur	247	270	9

Framlög án endurgjalds

Nettóvaxtagjöldin ein hækkuðu um 44% eða 246 m.kr. Mjög lítil aukning varð á tekjum af varnarliðinu; þær jukust aðeins um 9% eða 42 m.kr. Framlög án endurgjalds, en til þeirra teljast eignayfirfærslur, rekstrarframlag til alþjóðastofnana og gjafafé, námu 23 m.kr. nettó árið 1981, sem er heldur lægri upphæð en árið áður, er hún nam 27 m.kr. á meðalgengi ársins 1981.


Fjármagns- jöfnuður

Fjármagnsjöfnuðurinn er yfirlit yfir allar lántökur erlendis og afborganir af þeim, svo og fjármagn til fjárfestingar, sem annars vegar kemur erlendis frá eða fer héðan til annarra landa. Lánahreyfingum er skipt í hreyfingar til lengri tíma en eins árs, sem eru nefndar lánahreyfingar til lengri tíma, svo og stuttar fjármagnshreyfingar. Alls varð fjármagnsjöfnuðurinn hagstæður um 1.442 m.kr. árið 1981, sem er mun hærri upphæð en á fyrra ári, er hann var hagstæður um 803 m.kr.


Tafla III.8. Hreyfingar langra erlendra lána.
(Í m.kr. á meðalgengi ársins 1981)

	Innkomið		Afborganir		Nettóaukning	
	1980	1981	1980	1981	1980	1981
Opinberir aðilar	720	809	206	247	514	562
Lánastofnanir	294	547	195	220	99	327
Einkaaðilar	392	330	115	174	277	156
Samtals	1406	1686	516	641	890	1045

Mikilvægustu liðir fjármagnsjafnaðarins eru langar lántökur og afborganir af slíkum lánum. Meðfylgjandi yfirlit (tafla III.8.) sýnir bráðabirgðatölu um hreyfingu langra erlendra lána á árinu 1981, skipt á opinbera aðila, lánastofnanir og einkaaðila, eftir því hverjir



af þessum aðilum eru frumlántakendur, þ.e. hafa tekið lánin hjá hinum erlendu aðilum. Til samanburðar eru sýndar tölur fyrir 1980, umreiknaðar til meðalgengis 1981. Samtals námu innkomin löng lán 1.686 m.kr., en afborganir 641 m.kr., þannig að nettólántökur til langs tíma námu 1.045 m.kr., samanborið við 890 m.kr. árið áður, umreiknað á meðalgengi 1981. Í lánsfjáráætlun ársins var spáð 1.463 m.kr. lántökum, en langtímalántökur reyndust eins og að framan segir 1.686 m.kr. og við það má bæta 67 m.kr. skammtímalánum, sem tekin voru vegna samtímaframkvæmda, en verður breytt í langtímalán síðar. Þannig hafa lántökur, sambærilegar við spá lánsfjáráætlunar, farið 290 m.kr. fram úr áætlun, og er það að mestu leyti vegna meiri skipainnflutnings en áætlað var. Samkvæmt bráðabirgðatölum var heildarupphæð langra erlendra lána 8.460 m.kr. í árslok 1981, reiknað á gengi í árslok, en 7.510 m.kr., reiknað á meðalgengi ársins, og er það rúmlega 37% af vergri þjóðarframleiðslu, en það er hæsta hlutfall, sem verið hefur, og hafði hækkað úr 34,8% 1980. Greiðslubyrði af löngum lánum, það er afborganir og vextir, nam samkvæmt bráðabirgðatölum 16,6% af útflutningstekjum, sem er mikil hækking frá fyrra ári, en þá var greiðslubyrðin 14,1% og hafði þá á undanfögnu fimm ára tímabili verið 13—14 af hundraði. Á hækkingun vaxta á erlendum lánamörkuðum stærsta þátt í aukinni greiðslubyrði, en einnig kemur til aukin skuldsetning. Línurit hér til hliðar sýnir skuldastöðu erlendra lána til eins árs og lengri tíma á meðalgengi hvers árs í hlutfalli af vergri þjóðarframleiðslu ásamt greiðslubyrði slíkra lána í hlutfalli af útflutningstekjum sl. tíu ár.



Stutt vörukaupalán innflytjenda ásamt endurlánuðum skammtímalánum bankanna jukust um 331 m.kr., reiknað á meðalgengi 1981, og ógreiddur útflutningur jókst um 143 m.kr., reiknað á sama hátt. Nam nettóinnstreymi á þessum mikilvægu liðum fjármagnsjafnaðarins, langtímalánum, stuttum vörukaupalánum innflytjenda, endurlánuðum skammtímalánum bankanna og ógreiddum útflutningi 1.233 m.kr. á árinu 1981. Á öðrum liðum fjármagnsjafnaðarins, sem eru erlent einkafjármagn til atvinnurekstrar og ýmsar stuttar fjármagnshreyfingar, var nettóinnstreymi 209 m.kr. Í heild nam nettóinnstreymi á fjármagnsjöfnuði 1.442 m.kr. eins og fyrr er sagt.


Staða þjóðarbúsins út á við

Nettóstaða þjóðarbúsins út á við samanstendur af öllum skuldum Íslands við útlönd að frádregnum erlendum inneignum og öðrum kröfum á útlönd. Erlendri fjárfestingu í atvinnurekstri á Íslandi og íslenskri fjárfestingu í atvinnurekstri erlendis er sleppt. Eins og tafla III.9. sýnir, námu nettóskuldir við útlönd 6.431 m.kr. í árslok 1981, reiknað á meðalgengi ársins. Nemur nettóskuldin nú 31,8% af vergri þjóðarframleiðslu, sem er sama hlutfall og árið áður, en þetta hlut-

Tafla III.9. Staða þjóðarbúsins út á við í árslok.
(Í m.kr. á meðalgengi hvers árs)

	Föst lán	Nettóskuld við útlönd	Staða í hlutfalli (%) af vergri þjóðarframl.		Greiðslubyrði (vextir og afb.) í % af útflutningst.
			Föst lán	Nettóskuld	
1974	337,9	345,9	23,9	24,5	11,2
1975	672,8	727,1	34,9	37,7	14,2
1976	898,5	940,0	33,8	35,3	13,8
1977	1.205,5	1.205,8	31,6	31,6	13,7
1978	1.944,3	1.848,2	33,7	32,0	13,1
1979	2.909,5	2.703,2	34,4	32,0	12,8
1980	4.617,1	4.232,0	34,7	31,8	14,1
1981	7.510,0	6.431,0	37,2	31,8	16,6

fall hefur haldist nálægt 32% undanfarin fimm ár. Hæst komst hlutfall nettóskuldastöðu í 37,7% 1975 og hafði þá hækkað úr 24,5% árið á undan. Tafla III.9 sýnir einnig stöðu fastra erlendra lána í hlutfalli af vergri þjóðarframleiðslu og má sjá, að hlutfallið hefur farið hækkandi undanfarin fjögur ár, og hefur það aldrei verið hærra en í árslok 1981. Að lokum er sýnd greiðslubyrði vaxta og afborgana af erlendum langtímalánum í hlutfalli af útflutningstekjum. Hækkaði það hlutfall mjög mikið á árinu 1981.




Gjaldeyris- staða bankanna

Tafla III.10. Gjaldeyrisstaða bankanna.
(Í m.kr. á gengi í árslok 1981)

	1978	1979	1980	1981
Sedlabankinn:				
Gjaldeyrisforði	1098	1295	1402	1890
Gjaldeyrissskuldir	622	459	241	253
Nettóstaða Sedlabankans	476	836	1160	1637
Viðskiptabankar, nettó	70	72	82	73
Gjaldeyrisstaða bankanna, nettó	546	908	1242	1710

Tafla III.10. sýnir gjaldeyrisstöðu bankanna sl. fjögur ár, en þar er hrein gjaldeyrisseign um áramót umreiknuð í íslenskar krónur miðað við gengi í árslok 1981. Í 7. töflu í töfluviðauka hér aftan við er hins vegar að finna yfirlit yfir gjaldeyrisstöðu sl. ellefu ár á því gengi, sem gildi á hverjum tíma. Í töflu III.10. kemur fram, að gjaldeyrisforði Sedlabankans nam 1.890 m.kr. í árslok 1981, sem samsvarar um 33% af f.o.b.-verði almenns vöruinnflutnings. Er þetta mun hærra hlutfall en verið hefur mörg undanfarin ár, en lægra en flest árin á tímabilinu 1961 til 1973.

Greiðsluafkoma og skuldir við Seðlabankann



IV. FJÁRMÁL RÍKISSJÓÐS

Árið 1981 var þriðja árið í röð, sem A-hluti ríkissjóðs skilaði greiðsluafgangi. Í heild nam hann 172 m.kr., þar af 158 m.kr. við Seðlabankann. Árið 1980 var greiðsluafgangurinn 62 m.kr. og 23 m.kr. árið 1979. Nettóafborganir af lánum í Seðlabankanum námu 100 m.kr., en auk þess batnaði staðan á viðskiptareikningum um 58 m.kr. Endurmat skuldanna við Seðlabankann var alls 83 m.kr., þannig að skuldirnar lækkuðu frá árslokum 1980 til ársloka 1981 um 75 m.kr. að nafnvirði. Línurit hér til hliðar sýnir skuldir A-hluta ríkissjóðs við Seðlabankann í lok hvers árs frá 1973 til 1981 á verðlagi í árslok 1981 (m.v. hækkun framfærsluvísitölu). Samkvæmt því voru þær í hámarki í árslok 1978 eða um 940 m.kr., en voru 226 m.kr. í árslok 1981. Þessi bætta staða á í senn rætur að rekja til greiðsluafgangs árána 1979 til 1981 og til rýrnunar raunverulegra skulda af völdum verðbólgunnar, því að endurmatið hefur ekki haldið í við verðlagshækkunar. Tafla IV.1. sýnir greiðslufirirlit ríkissjóðs á greiðslugrunni fyrir árin 1977 til 1981 og fjárlagatölur 1981 og 1982 til samanburðar. Greiðsluafgangurinn á árinu 1981 nam sem svarar 0,9% af vergri þjóðarframleiðslu samanborið við 0,5% árið á undan.

Eins og fram kom í ársskýrslu bankans fyrir árið 1980 var fjárþörf ríkissjóðs innan þess árs miklum mun minni en mörg undangengin ár. Fyrri hluta árs 1981 virtist svo sem aftur stefndi í gamla farið, því að greiðsluhallinn var mikill og yfirdrátturinn í Seðlabankanum óx hröðum skrefum, enda jukust útgjöldin talsvert hraðar en tekjurnar. Hámarki náði fjárþörfin í maí, en úr því glæddist tekjuinnheimtan, þannig að fjárþörf ríkissjóðs minnkaði jafnt og þétt til ársloka. Tekjurnar voru sérstaklega drjúgar á síðustu mánuðum ársins. Sem dæmi má nefna, að í nóvember voru tekjur af innfluttum bifreiðum og bifhjólum 212% hærri en í sama mánuði árið áður, almennar tolltekjur voru 96% hærri og söluskattstekjurnar 71% hærri. Í heild voru tekjur ríkissjóðs 71% meiri á fjórða ársfjórðungi 1981 heldur en á sama tíma árið áður, söluskattstekjur voru 66% hærri, almennar tollatekjur 89% hærri og innflutningsgjöld af bifreiðum

Tafla IV.1. Yfirlit um fjármál ríkissjóðs á greiðslugrunni.

(Í milljónum króna)

	Reikningsútkoma					Fjárlög	
	1977	1978	1979	1980	1981	1981	1982
1 Tekjur	956	1543	2378	3681	5997	5515	7967
2 Gjöld	1011	1611	2467	3766	5911	5457	7909
3 Rekstrarafgangur (1—2)	-55	-68	-89	-85	86	58	58
4 Viðskiptaskuldir og lán utan Seðlabankans	37	30	112	147	86	70	87
5 Greiðsluafgangur (3—4)	-18	-38	23	62	172	128	145
51 Gagnvart Seðlabanka	-21	-46	22	45	158	100	120
52 Bankainnst. og sjóður	3	8	1	17	14	28	25

Hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu hvers árs (%):


1 Tekjur	25,1	26,7	28,1	27,7	29,7
2 Gjöld	26,5	27,9	29,2	28,3	29,3
3 Rekstrarafgangur	-1,4	-1,2	-1,1	-0,6	0,4
5 Greiðsluafgangur	-0,5	-0,7	0,3	0,5	0,9

181% hærri. Miklar tekjur, er líða tók á árið, má því rekja til mjög mikils innflutnings og örrar veltuaukningar eða með öðrum orðum til hraðvaxandi innlendrar eftirspurnar. Þannig má segja, að ríkissjóður hafi notið góðs af vaxandi óvissu um aðgerðir í efnahagsmálum og spákaupmennsku henni samfara. Samkvæmt mánaðaryfirlitum ríkisbókhaldsins jukust heildartekjur ríkissjóðs um 63,8% frá 1980 til 1981, en gjöldin um 60,2%, og hvort tveggja var um 80% herra í desember 1981 en í sama mánuði 1980.


Fyrirgreiðsla Seðlabankans við ríkissjóð nam að meðaltali tæpum 200 m.kr. dag hvern á árinu 1981 samanborið við um 110 m.kr. 1980. Eins og áður hefur komið fram í ársskýrslum bankans gætir ekki aðeins mjög reglulegrar árstíðasveiflu í fjármálum ríkissjóðs, heldur er þróunin innan hvers mánaðar jafnan þannig, að skuld ríkissjóðs við bankann vex hratt í mánaðarbyrjun og snöggglækkar síðan á ný síðustu daga mánaðarins. Þessar sveiflur skýra þá staðreynd, að rekstrarfjárbörf ríkissjóðs var að meðaltali 200 m.kr. á árinu, þrátt fyrir að á árinu í heild yrði greiðsluafgangur við Seðlabankann að fjárhæð 155 m.kr.

Fyrirgreiðsla Seðlabankans felst jafnan í því, að ríkissjóði er heimilað að yfirdraga hlaupareikninga sína í bankanum til þess að mæta tímabundinni fjárbörf. Á grundvelli samkomulags frá 1978 gera bankinn og fjármálaráðuneytið með sér samning í upphafi hvers árs um væntanlega greiðslufjárbörf ríkissjóðs, og byggist hún á meðalfjárbörf í hverjum mánuði. Af yfirdrætti innan umsaminnar áætlunar greiðir ríkissjóður lága vexti, 28% á árinu 1981. Fari yfirdrátturinn fram úr umsaminni áætlun, reiknast hærri vextir á það, sem umfram er. Á árunum 1973 til 1978, þegar ríkissjóður var rekinn

Fyrirgreiðsla Seðlabankans



Þróun tekna og gjalda



með halla, var skuldinni á hlaupareikningum í árslok jafnan breytt í skuldabréfalán til nokkurra ára. Þannig jukust skuldir A-hlutans við bankann ár frá ári, en frá 1979 hefur á hverju ári tekist að greiða af skuldunum og þær því lækkað verulega að raungildi eins og þegar hefur komið fram.

Á undanförunum árum hafa umsvif A-hluta ríkissjóðs vaxið nokkuð í samanburði við verga þjóðarframleiðslu, og á árinu 1981 voru hlutföll tekna og gjalda af þjóðarframleiðslunni á bilinu 29-30% samkvæmt þeim bráðabirgðatölum, sem fyrir liggja. Á árinu 1970 voru þau nálægt 22%. Gjaldamegin hefur aukningin eingöngu verið á rekstrarliðum, þar sem fjárfestingarútgjöld hafa verið nokkuð stöðug, en fjármagnstilfærslur minnkað verulega á síðustu árum. Sem dæmi má nefna, að um miðbik síðasta áratugar námu þær sem svarar 4-5% af vergri þjóðarframleiðslu, en um 3% síðustu 2-3 árin. Sem hlutfall af heildarútgjöldum er lækkunin enn skýrari eða úr nálægt 17% um miðbik síðasta áratugar niður í um 10%. Aðalástæðan er lækkuð framlög bæði til fjárfestingarlánasjóða og ýmissa B-hluta-aðila. Að nokkru stafar lækkun framlaga til fjárfestingarlánasjóða af aukinni eiginfjármögnun þeirra í kjölfar þess, að útlán þeirra voru að mestu eða öllu verðtryggð. Þannig hafa raunhæfari vaxtakjör létt byrðum af ríkissjóði. Lækkun framlaga hefur þó að verulegu leyti verið mætt með lántökum á lánsfjáráætlun. Árin 1976 til 1981 hefur launakostnaður A-hluta ríkissjóðs numið rúmum fjórðungi heildarútgjalda. Niðurgreiðslur og útflutningsuppbætur hafa verið í kringum 10% heildargjaldanna mörg undanfarið ár.


Á tekjuhliðinni hafa þær breytingar orðið, að tolltekjur drógust saman ár frá ári frá 1970 til 1980 vegna tollalækkana í tengslum við samninga Íslands við Fríverslunarsamtökin og Efnahagsbandalagið. Tekjur af söluskatti og vörugjaldi hafa hins vegar vaxið til muna, og auk þess að brúa bilið, sem minnkaðar tolltekjur skildu eftir, má rekja aukningu heildarteknanna að mestu til þessara tekjustofna. Beinir skattar hafa af og til breyst mikið, ýmist vaxið eða minnkað, en frá 1968 er ekki unnt að greina ákveðna stefnu í aðra hvora áttina.

Segja má, að áætlunin um lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir sé nokkurs konar framlenging á fjárlögum. Í henni er lánsfjárþörf ríkissjóðs sundurliðuð og fjármögnunarhliðin sömuleiðis. Umfang þess hluta, sem lánsfjáráætlunin nær til, hefur vaxið nokkuð síðustu árin. Meðal liða í henni eru orkuframkvæmdir ríkissjóðs, vegafarmkvæmdir og framkvæmdir ýmissa ríkisstofnana. Orkuframkvæmdir hafa verið miklar mörg undanfarið ár, og nú allra síðustu árin hefur verið brugðið á það ráð að mæta fjármagnskostnaði með lánunum. Einkum á þetta við um byggðalínur og Kröflu-virkjun. Hér er um óviðunandi ráðstöfun að ræða, þar sem gera

Lánsfjáráætlun

Tafla IV.2. Lánsfjárförð ríkisins og fjármögnun hennar.
(Í milljónum króna)

	1976	1977	1978	1979	1980	1981
Ríkissjóður alls	102	110	134	225	396	652
A-hluti	23	28	44	57	128	239
Vegagerð	14	16	22	37	95	136
Annad	9	12	22	20	33	103
B-hluti	79	82	91	168	268	413
Bygðalínur	16	20	34	35	52	68
Aðrar orkuframkvæmdir	61	54	39	65	100	188
Fjármagnskostnaður	—	—	—	—	42	56
Annad	2	8	18	68	74	101
Fjármögnun	102	110	134	225	396	652
Innlend lán	43	41	64	81	237	318
Spariskírteini	13	24	31	65	70	50
Innheimt af endurl. spariskirt.fé umfram innlausn	17	17	27	6	98	110
Verðbréfa kaup bankakerfis	—	—	—	—	37	76
Verðbréfa kaup lífeyrissjóða	—	—	—	—	12	57
Önnur innlend fjárfloflun	13	—	6	10	20	26
Erlend lán	59	69	63	144	146	334
Bráðabirgðalán	—	—	7	13	13	—



verður þá kröfu, að staðið sé undir rekstri slíkra mannvirkja með eðlilegri verðlagningu. Ella er brostinn sá grundvöllur, sem erlendar lántökur hafa lengst af verið byggðar á, þ.e. að einungis séu tekin erlend lán til þess að fjármagna arðbæra fjárfestingu. Annar stór liður, sem öðlast hefur fastan sess á lánsfjáráætlun, er Lána sjóður íslenskra námsmanna, en honum er á hverju ári veitt umtalsverð lántökuheimild til þess að standa undir starfsemi sinni. Þá hafa lántökur ýmissa ríkisstofnana komið fram í lánsfjáráætlun, svo sem Landhelgisgæslunnar og Pósts og síma.

Fjárfloflun

Fjármagnsbörfinni er mætt með innlendum og erlendum lántökum. Innlendu lántökur var lengi vel einkum útgáfa spariskírteina og happdrættisbréfa, en allra síðustu árin hefur ríkissjóður einnig tekið lán hjá innlánsstofnunum og lífeyrissjóðum. Í upphafi voru spariskírteinin með ákaflega góðum kjörum og báru af öllum öðrum möguleikum til öruggrar ávöxtunar sparifjár, ekki síst eftir að verðbólga jókst til muna á fyrri hluta síðasta áratugar. Í seinni tíð hafa aðstæður hins vegar breyst mikið, sérstaklega með breyttri vaxta stefnu og þá einkum með tilkomu verðtryggðra innlánsreikninga í bönkum. Á sama tíma lækkuðu vextir af spariskírteinum og á árinu 1981 fór svo, að ekki tókst að selja nema um helming þeirrar spariskírteinaútgáfu, sem fyrirhuguð var skv. fjárlögum og lánsfjáráætlun. Vextirnir á þeim voru þá 2,5% á binditímanum, sem var 5 ár, en 3,2% að meðaltali allan lánstímann, 22 ár. Því var fyrir sjáanlegt í lok ársins, ef áfram ætti að treysta á þessa leið til þess að fjármagna fjárfestingu ríkissjóðs, að bæta yrði kjörin á spariskírteinum,

Tafla IV.3. Lánsfjáráætlun ríkisins 1981.
(Í milljónum króna)

	Láns- fjár- lög	Breyt- ingar	Bráða- birgða- útk.
Ríkissjóður alls	588,2	63,6	651,8
A-hluti	228,2	10,3	238,5
Vegagerð	130,1	5,7	135,8
Þjóðarbókhlaða	4,0	—	4,0
Landshafnir	2,0	—	2,0
Hluta- og eiginfjárframlög	3,8	—0,1	3,7
RARIK - félagslegar framkvæmdir	15,0	—	15,0
Hafnargerð v/skipaiðnaðar	11,8	—	11,8
Flugmálastjórn	4,0	—	4,0
Krafla - vaxtaútgjöld	36,5	—11,5	25,0
Landspítalinn	7,0	—	7,0
Járnblendifélag	14,0	16,2	30,2
B-hluti	360,0	53,3	413,3
Landakaup kaupstaða og kaupþúna	3,0	—3,0	—
Lánasjóður íslenskra námsmanna	33,0	—	33,0
Ríkisútvarp	4,0	—0,5	3,5
Lagmetisiðjan Siglósið	1,0	2,4	3,4
Skipaútgærd ríkisins	24,0	—10,2	13,8
RARIK - almennar framkvæmdir	83,1	—	83,1
Byggðalinur	52,1	15,5	67,6
Kröfluvirkjun - framkvæmdir	33,6	3,0	36,6
Jarðvarmaveitur ríkisins	8,0	—	8,0
Virkjunarrannsóknir	8,0	—4,0	4,0
Grænifóðurverksmiðjur	2,7	—1,7	1,0
Orkusjóður - fjármagnskostn. byggðalina	38,4	17,3	55,7
Orkusjóður - hitaveitulán	7,5	—	7,5
Orkusjóður - jarðhitaleit	11,0	—	11,0
Landssmiðjan	3,0	—	3,0
Áburðarverksmiðjan	35,0	—26,6	8,4
Póstur og sími	12,6	19,7	32,3
RARIK- stofnkostnaður virkjana	—	37,4	37,4
Byggingarsjóður Listasafns Íslands	—	4,0	4,0
Fjármögnun alls	588,2	63,6	651,8
Innlend lán	308,1	10,2	318,3
Ný spariskirteini og happdrættisbréf	90,0	—40,0	50,0
Innheimt af endurlánuðu spariskirteinafé, nettó	90,0	20,0	110,0
Verðbréfa kaup innlánsstofnana	68,0	7,6	75,6
Verðbréfa kaup lífeyrissjóða	40,0	16,6	56,6
Önnur innlend fjáröflun	20,1	6,0	26,1
Erlend lán	280,1	53,4	333,5

t.d. með hækkuðum vöxtum og/eða styttnum binditíma. Síðustu þrjú árin hefur ríkissjóður sem fyrr er greint tekið lán hjá innlánsstofnunum og lífeyrissjóðum. Það, sem á vantar, til að innlenda lánsféð hrökkvi fyrir framkvæmdum, er brúað með erlendum lántökum, og hafa þær vaxið hratt síðustu árin. Tafla IV.2. sýnir uppgerða lánsfjáráætlun ríkisins árin 1976 til 1981, og tafla IV.3. sýnir lánsfjáráætlun 1981, breytingar hennar og bráðabirgðaniðurstöður.

kerfi, sem byggir m.a. á áralangri undirbúningsvinnu Sameinuðu þjóðanna. Í árbók sjóðsins voru á árinu 1981 birtar upplýsingar, byggðar á þessu uppgjörskerfi, fyrir tæplega 120 lönd. Uppgjör ríkisfjármála hér á landi í þessu formi hefur verið unnið á vegum ríkisbókhaldsins fyrir árin 1972 til 1980. Helsta breytingin frá núverandi kerfi er sú, að allmargir ríkisaðilar í B-hlutanum eru færðir að fullu og öllu með ríkissjóði í A-hlutanum, en aðrir annað hvort með fjárfestingarlánasjóðum eða ríkisfyrirtækjum. Með ríkissjóði í þrengri merkingu, A-hlutanum, færast þannig m.a. endurlánastarfsemi hans. Nettólánveitingar ríkissjóðs til annarra koma þar fram í aðaluppgjöri hans og þar með lántökur allar til að standa undir þeirri lánastarfsemi. Bæði tekjur og gjöld verða hærri í þessu uppgjöri en hinu hefðbundna. Á árunum 1972 til 1980 voru tekjur A-hluta ríkisreiknings að meðaltali 26,1% af vergrí þjóðarframleiðslu og gjöldin 27,6%. Í hinu nýja kerfi var teknahlutfallið á sama tímabili 29,9% og gjaldahlutfallið 30,4%. Nánari grein verður væntanlega gerð fyrir þessari uppgjörsaðferð á öðrum vettvangi síðar. Ætla má, að nokkur ávinningur yrði af því fyrir fjármálastjórn hér á landi að taka upp kerfi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Auk þess má gera ráð fyrir því, að aðrar þjóðir taki það upp og m.a. þess vegna sé rétt að stefna í sömu átt. Núgildandi lög um ríkisreikning og fjárlög eru frá 1966, og gert hefur verið upp samkvæmt þeim frá árinu 1968.

V. PENINGAMÁL

Meðaltal heildarinnlána sem hlutfall af þjóðarframleiðslu hækkaði um 3,5 prósentustig á árinu 1981 og náði hærra en það hefur gert síðan 1973. Þessi þróun á sér einkum tvær skýringar. Peningaframboð var óvenjumikið á árinu, bæði vegna erlendra lána og útlána innlánsstofnana, og leiddi það af sér mikla innlánaaukningu. Í öðru lagi njóta peningar í innlánsstofnunum nú meira trausts vegna bættrar ávöxtunar, enda hafa meðaltalsraunvextir innlána ekki verið hærri síðan 1972. Var við því að búast, að innlán ykjust meira en tekjur og verðlag, þar sem þau hafa verið óeðlilega lítil síðustu tíu árin miðað við áratuginn þar á undan. Aukning innlána varð þó meiri en búist var við, enda batnaði lausafjárstaða innlánsstofnana mikið á fyrstu mánuðum ársins. Það gaf innlánsstofnunum ráðrúm til að auka útlán sín verulega þrátt fyrir nýjar og strangari reglur um innlánsbindingu. Verður ekki annað séð en að þróun útlána hafi mótast af þenslu í hagkerfinu og að fremur hafi þensluöflunum verið fylgt en við þeim spornað, einkum á fyrri helmingi ársins. Nánar verður vikið að útlánnum og öðrum meginþáttum peningamála, þegar gerð hefur verið grein fyrir framvindunni innan ársins.

Þróun á fyrri hluta árs

Þróun peningamála var að ýmsu leyti hagstæð framan af árinu. Innlánamyndun var mikil, og lausafjárstaða hélt áfram að batna eins og hún hafði gert frá haustmánuðum 1980. Eftirspurn eftir lánnum innlánsstofnana var minni en þekkst hefur um árabíl og leit út fyrir, að náðst hefði sæmilegt jafnvægi á peningamarkaðnum. Heildarútlán jukust um 54% á tólf mánuðum til aprílloka, en innlán um 71%. Má ætla, að menn hafi búist við verulegri hjöðnun verðbólgu í kjölfar efnahagsaðgerða, sem ríkisstjórnin kynnti, um leið og tekin var upp ný króna með hundraðföldu verðgildi hinnar gömlu. Reyndin varð og sú, að verðbólga hjaðnaði, og gaf það tilefni til nokkurrar vaxtalækkunar í mars og júní, eins og skýrt er frá í annál hér aftar í árskýrslunni (kafli XI). Auk árstíðabundins peningaframboðs vegna greiðsluhalla ríkissjóðs og afurðalána Seðlabanka streymdi mikið lánsfé inn í hagkerfið erlendis frá. Í lok apríl var gjaldeyrisstaða

Tafla V.I. Úr reikningum Seðlabankans 1980 og 1981.

(Í milljónum króna)


	Hreyfingar						
	Staða						
	31/12	1.árs- þriðj.	2.árs- þriðj.	3.árs- þriðj.	1981	1981	
1	Gjaldeyrisstaða	1630	505	726	238	429	59
	(þar af endurmat v/gengis)		(237)	(302)	(52)	(152)	(98)
2	Innlendir liðir, nettó	907	150	290	94	-62	258
21	Kröfur á ríkissjóð, nettó ¹⁾	196	31	-118	234	-210	-142
211	A-hluti	226	11	-72	235	-193	-114
212	B-hluti	-30	20	-46	-1	-17	-28
22	Kröfur á fjárfestingarlánasjóði	86	2	68	15	-7	59
23	Endurkaup	1392	405	400	48	152	200
231	Landbúnaður	439	72	130	-70	-7	207
232	Sjávarútvegur	757	274	201	90	126	-15
233	Iðnaður	193	42	88	47	36	5
234	Önnur	4	17	-18	-19	-3	4
24	Aðrar kröfur á innlánsstofnanir	196	18	84	21	207	-144
25	Kröfur á aðra aðila	26	10	16	11	7	-2
26	Sjóðir í opinberri vörslu (—) ²⁾	-385	-17	-129	-46	90	-173
27	Innstæður fjárfestingarlánasj. (—) ²⁾	-75	17	-20	-8	-64	53
28	Annað, nettó	-529	-316	-11	-181	-237	407
3	Grunnfé	2537	655	1016	332	367	317
31	Innstæður innlánsstofnana	2144	593	843	244	322	277
311	Sérstök sveigjanleg innlánsbinding	—	—	—	—	238	-237
312	Almenn innlánsbinding	1778	408	837	241	243	353
313	Sjóður og aðrar innstæður	366	185	6	3	-159	161
32	Seðlar og mynt í umferð	393	62	173	88	45	40

Hreyfingar í % á ári³⁾

Grunnfé ⁴⁾	75,6	66,8	112,8	100,7	9,0
Endurkaup, alls	69,0	40,3	27,4	80,9	21,4
Landbúnaður	30,4	42,1	73,2	17,3	41,9
Sjávarútvegur	97,2	36,2	2,2	100,4	22,7
Iðnaður	66,7	83,8	104,4	159,6	15,4
Seðlar og mynt	39,2	78,6	167,4	67,3	31,4

¹⁾ Endurlánuð löng erlend lán eru ekki talin með. ²⁾ Innstæða og innstæðuaukning eru merktar með mínusmerki. ³⁾ Ársigildi hreyfinga á hverjum ársþriðjungi eru reiknuð af árstíðaleiðréttum tölum. ⁴⁾ Grunnfé með áföllnum vöxtum skyldubundinna innlána.

orðin 773 m.kr. betri en ári fyrr, en þar af nam gengisuppfærsla 245 m.kr. Lausafjárstaða innlánsstofnana var 309 m.kr. eða 287 m.kr. betri en ári fyrr. Full ástæða var til að varðveita þann árangur, þar sem lausafjárstaðan hefur verið of lág síðustu árin. Í því skyni beitti Seðlabanki sérstakri sveigjanlegri innlánsbindingu (sjá annál) á þann hátt að skylda innlánsstofnanir til að eiga tiltekið hlutfall heildarinnlána á sérstökum reikningum, sem taldir eru með lausafjárstöðunni. Átti þetta að koma í veg fyrir, að mikil útlán bættust við peningaframboðið. Um tíma leit út fyrir, að nokkur árangur næðist, enda þótt nýja innlánsbindingin kæmi ekki til sögunnar fyrr en um mitt ár. Í fyrstu nam bindingin 2% heildarinnlána, en hæst varð hún 5%. Um miðbik ársins tók ríkissjóður til sín óvenjumikið fé. Þegar í ágústlok var nánast kominn jöfnuður á greiðsluviðskipti hans gagn-



vart Seðlabanka, og á árinu í heild skilaði hann greiðsluafgangi. Hins vegar náði peningaframboð vegna erlendu lánanna hámarki á þessum árstíma. Engu að síður jukust útlán innlánsstofnana, og var 12 mánaða aukning þeirra orðin 64% í ágústlok. Innlánaaukning var og mikil á þessu tímabili eða 78%.

Þróun á seinni hluta árs

Síðasti þriðjungur ársins var gerólikur hinum fyrsta. Verulega dró úr peningaframboði Seðlabankans, þar sem ríkissjóður tók til sín fé, afurðalán jukust minna en búast mátti við, og minna fé kom inn vegna erlendra lána. Ýmsar hættur stöðjuðu því að lausafjárstöðu innlánsstofnana, ekki síst vegna þess, að verðbólga jókst á ný og ótti við gengisfellingu gerði vart við sig. Jókst innflutningur verulega, en innlánaaukning varð hægari, auk þess sem innlánsstofnanir létu undan mikilli lánsfjáreftirspurn. Á árinu í heild nam aukning útlána 69% og innlána 71%. Lausafjárstaða féll frá apríl til nóvember um 157 m.kr., og í árslok var hún orðin 259 m.kr. samanborið við 319 m.kr. í ársbyrjun. Ástæða er til að ætla, að án sérstakrar innlánsbindingar hefði þróunin orðið enn óhagstæðari og útlánaaukning meiri strax um miðbik ársins.

Vextir

Ef undan er skilin framvinda útlána og lausafjárstöðu, hlýtur þróun peningamála á árinu í heild að teljast viðunandi. Stefnubreyting vaxtamálum, sem tekin var árið 1976 með stofnun vaxtaaukareikninga og staðfest með lögum 1979 um verðtryggingu sparifjár og útlána hefur borið verulegan árangur, sem kom skýrt í ljós á árinu. Meðaltal raunvaxta spariinnlána var —5,6% árið 1981, en til samanburðar má nefna, að þeir urðu lægstir —27,5% árið 1974. Það ár lækkaði hlutfall peningamagns og sparifjár af þjóðarframleiðslu um

Tafla V.2. Úr reikningum innlánsstofnana 1980 og 1981.


(Í milljónum króna)

	Hreyfingar					
	Staða		1. árs- þriðj.			3. árs- þriðj.
	31/12 1981	1980	1981	1981	1981	1981
1 Lausafjárstaða	259	184	-60	-10	-123	73
11 Gagnvart Seðlabanka	193	153	-48	-34	-71	57
12 Gagnvart útlöndum	66	31	-12	24	-52	16
2 Bundnar innstæður	1778	408	837	241	243	353
3 Aðrar innstæður í Seðlabanka	126	33	63	19	11	33
4 Útlán ¹⁾	6097	1364	2487	721	974	792
41 Endurseid Seðlabanka	1392	405	400	48	152	200
42 Löng lán til opinb. framkv. og sjóða	281	55	145	673	822	592
43 Önnur útlán	4424	904	1942			
5 Eignir = skuldir	8260	1989	3327	971	1105	1251
6 Heildarinnlán	6700	1574	2781	752	731	1298
61 Veltiinnlán	1248	325	455	228	103	124
62 Almenn spariinnlán	3238	711	1475	296	412	767
63 Spariinnlán á uppsagnarreikningum	2214	537	851	228	215	408
7 Endurkaup og verðbréf Seðlabanka	1541	423	494	52	218	224
8 Eigið fé og annað, nettó	19	-8	52	167	156	-271


Hreyfingar í % á ári²⁾

Útlán	60,8	68,9	53,7	86,0	69,4
Heildarinnlán með áföllnum vöxtum	67,1	71,0	79,1	81,8	53,9
Veltiinnlán	69,4	57,4	59,8	97,3	22,8
Almenn spariinnlán	67,6	83,7	84,5	112,3	58,1
Spariinnlán á uppsagnarreikningum	65,0	62,4	103,4	30,5	61,3

¹⁾ Endurlánað erlent lánsfé er ekki talið með. Útlán eru hér sýnd með gengisuppfærslu gengisbundinna endurkaupa. ²⁾ Ársígildi hreyfinga á hverjum ársþriðjungi eru reiknuð af árstíðaleiðréttum tölum.



4 prósentustig, en árið 1981 hækkaði það um 3,8%. Mismunurinn, 7,8 prósentustig, svarar til 1.575 m.kr. og gefur það hugmynd um, hve miklu verri viðskiptajöfnuður hefði orðið 1981, ef jafnlítið traust hefði verið borið til peninga og sparifjár og var árið 1974. Þróun útlána og erlendra lána bendir hins vegar til þess, að illa hafi tekist til við að beina auknum peningalegum sparnaði í réttan farveg, því að neyslulán innlánsstofnana virðast hafa aukist verulega og þörfin fyrir erlend lán minnkaði ekki. Á árinu náðist merkur áfangi í vaxtamálum, er vaxtaukakerfið lauk hlutverki sínu og myndaði samræmda heild með vöxtum á hefðbundnum útlána- og innlánaformum. Við hliðina þróaðist hins vegar nýtt kerfi vísitölubundinna inn- og útlána. Til þessa hefur vísitölubinding þótt óhentug í skammtímasamningum, þar sem vísitala er aðeins reiknuð mánaðarlega, enda er hægt að ná verðtryggingu án beinnar vísitölubindingar, ef vextir eru látnir fylgja verðlagi. Engu að síður lagði ríkisstjórnin áherslu á styttri binditíma vísitölubundinna innlána, og voru því opnaðir 6 mánaða reikningar í þessu skyni. Vandamál, sem skapast



af því, að vísitala er sjaldan reiknuð, voru leyst með sérstökum verðbótum innan mánaðar, sem eru vextir, reiknaðir á hefðbundinn hátt. Sérstakar verðbætur eru nú 3,25% á mánuði, sem svarar til a.m.k. 47% á ári. Ljóst er, að vísitölubindingu innlána fylgir vísitölubinding útlána, og má reikna með, að styttri útlán færir í þetta form í vaxandi mæli. Á meðan notuð eru hlið við hlið inn- og útlánaform með og án vísitölubindingar, hljóta vextir þeirra, sem ekki eru bundin vísitölu, að verða að fylgja verðlagi, svo að ekki sé hætt á misnotkun.

Gjaldeyrisstaða

Verður nú vikið nánar að nokkrum stærðum og stjórnækjum, sem mestan svip settu á þróun peningamála á árinu. Gjaldeyrisstaða bankanna batnaði um rúmar 700 m.kr. á árinu 1981, en þar af var gengisuppfærsla um 300 m.kr. Staðan hefur nú batnað á hverju ári síðan 1975, og í árslok 1981 var hún orðin rúm 7% af þjóðarframleiðslu, sem er svipað og var að meðaltali í lok árunna 1969—1973 og ívið lægra en sams konar meðaltal 1961—1966. Gjaldeyrisstaðan hefur því færst á svipað stig og hún hefur orðið best á tveimur síðustu áratugum, en batinn síðustu ár byggist fyrst og fremst á hagstæðum fjármagnsjöfnuði vegna langra erlendra lána. Peningaframboð hefur öðru fremur ráðist af þessari þróun svo sem fram hefur komið. Mikið og þó sibreytilegt lausafé, sem af gjaldeyrisviðskiptunum sprettur, veldur vanda við stjórn peningamála og leiddi á árinu 1981 til útlánapenslu. Má vafalaust leita hér einhverra skýringa á því, að innflutningur jókst mjög á síðari hluta ársins og verulegur halli varð á viðskiptum við útlönd. Frá þessu sjónarhorni má draga

Tafla V.3. Úr reikningum bankakerfisins 1980 og 1981.

	(Í milljónum króna)		Hreyfingar			
	Staða		1. árs-	2. árs-	3. árs-	
	1981	1980	þriðj.	þriðj.	þriðj.	
1 Gjaldeyrisstaða	1696	535	714	262	377	75
(þar af endurmat v/gengis)		(237)	(302)	(52)	(152)	(98)
2 Innlendir liðir, nettó	5397	110	2239	577	400	1262
21 Lán Seðlabanka	309	43	-34	260	-210	-84
22 Lán innlánsstofnana	6097	1364	2487	721	974	792
23 Ýmsir sjóðir (-) ¹⁾	-460	-	-148	-54	26	-121
24 Annað, nettó	-549	-306	-66	-350	-390	675
3 Peningamagn og sparifé (M3)	7093	1636	2953	839	777	1337
31 Sparifé á uppsagnarreikningum	2214	537	851	228	215	408
32 Peningamagn og alm. sparifé (M2)	4878	1098	2102	612	562	929
321 Almennit sparifé	3238	711	1475	296	412	767
322 Peningamagn (M1)	1640	387	627	316	150	162



	Hreyfingar í % á ári ²⁾				
Innlendir liðir, nettó	53,6	70,9	71,9	58,5	84,9
Peningamagn og sparifé (M3)	65,4	71,3	83,6	80,8	52,3
Peningamagn og almennt sparifé (M2)	65,5	75,7	83,8	110,7	40,7
Peningamagn (M1)	61,9	61,9	74,8	99,7	22,2

¹⁾ Auk sjóða í opinberri vörslu eru hér innstæður fjárfestingarlánasjóða í Seðlabanka. Innstæður og aukning innstæðna eru merktar með mínusmerki. ²⁾ Ársigildi hreyfinga á hverjum ársþriðjungi eru reiknuð af árstíðaleiðréttum tölum.


þá ályktun, að erlendar lántökur hafi verið of miklar. Þær voru heldur ekki nauðsynlegar gjaldeyrisstöðunnar vegna, enda er nú ekki jafnrík ástæða og áður var til að safna miklum gjaldeyrisvarasjóðum, þar eð gjaldeyrisstaðan er þegar orðin viðunandi og leita má til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um fyrirgreiðslu, ef afdrifaríkar breytingar verða í utanríkisviðskiptum. Á hinn bóginn hafa ráðstafanir hins opinbera krafist mun meiri langra lána en innlendir lánamarkaður hefur miðlað. Viðfangsefnin á þessu sviði eru því tvíþætt. Annars vegar að draga úr þörfinni fyrir löng lán, en hún hefur myndast í vaxandi mæli vegna minni opinbers sparnaðar og lélegrar rekstrarafkomu opinberra fyrirtækja. Hins vegar þarf að efla svo innlendan lánamarkað, að hann miðli löngum lánnum til brýnna fjárfestingarþarfa í ríkari mæli en verið hefur.

Endurkaup

Endurkaup Seðlabankans jukust um 40,3% árið 1981, sem er tiltölulega lítið í samanburði við breytingar annarra peningastærða og í samanburði við fyrra ár, er endurkaupin jukust um 69%. Endurkaupin miðast við ákveðin hlutföll af verðmæti birgða, sem lánað er út á, og hafa hlutföllin verið óbreytt frá því snemma á árinu 1980 eins og sjá má í töfluviðauka. Nokkur birgðalækkun landbúnaðarafurða á árinu skýrir þróun endurkaupanna að hluta, en endurkaup vegna landbúnaðar jukust um 42,1%. Veigameiri skýring felst þó í



breytingum á kjörum sjávarútvegslána, en þau jukust um 36,1% árið 1981 samanborið við 97,2% árið áður. Frá ársbyrjun 1979 hafa lán út á útflutningsafurðir verið bundin gengi erlendra gjaldmiðla, fyrst og fremst dollars. Ný lán hafa á þessum tíma verið ákvörðuð af einingaverði framleiðslunnar í erlendri mynt og gengi myntarinnar á hverjum tíma, en staða lánanna síðan tekið breytingum í samræmi við gengisþróun. Þegar gengi krónunnar var breytt 10. nóvember, var ákveðið að afnema gengisbindingu afurðalána á ný. Endurskoðun afurðalánakerfisins lauk þó ekki fyrr en snemma árs 1982, og hækkuðu þessi afurðalán mjög lítið á meðan, þar sem ný lán miðuðust enn við einingaverð í erlendri mynt og gengið, sem í gildi var fyrir 10. nóvember, og eldri lán hækkuðu ekki lengur í samræmi við gengi. Framvegis verða einingaverðin í íslenskum krónum endurskoðuð reglulega með hliðsjón af verð- og kostnaðarþróun. Þegar á árinu 1980 tók að bera á óánægju lánþega með gengisbindingu afurðalána, enda féll gengi krónunnar mikið á því ári, og lánskjörin urðu þung. Var horfið að því ráði að endurgreiða lánþegum 36 m.kr. haustið 1980. Síðar var ákveðið að lækka vexti gengisbundinna afurðalána úr 8,5% í 4%, og gildi breytingin frá 21. september 1980. Á árinu 1981 olli óvenjuleg gengishækkun Bandaríkjadollars sérstökum vanda, því að framleiðendur, sem seldu vörur á Evrópumarkaði, höfðu tekið afurðalán í dollurum. Var þetta leyst með endurgreiðslu gengismunar. Ennfremur var gefinn eftir sá gengismunur, sem myndaðist við gengisfellinguna í ágúst, auk þess sem gengisviðmiðun var afnumin í nóvember sem áður sagði. Endurgreiðslur námu



samtals 68,6 m.kr., en þegar með er talin eftirgjöf gengismunar á árinu, nemur fjárhæðin 135 m.kr. Kjör afurðalána Seðlabankans út á útflutningsafurðir voru með þeim hætti, að svaraði til um 13,8% vaxta á árinu að meðaltali.

Bindiskylda

Síðustu ár hefur innlánsbinding ekki gegnt hlutverki sínu sem hagstjórnartæki, heldur einvörðungu staðið á bak við endurkaup Seðlabankans. Árið 1981 varð nokkur breyting á, því að auk þess sem sérstök sveigjanleg innlánsbinding var tekin í notkun, var almenn binding innlána hærrí en endurkaupin allt árið í fyrsta skipti á 7 ára tímabili. Bilið milli innlánsbindingar og endurkaupa er þó mun þrengra en áður fyrr, sem sjá má af samanburði þessara stærða við innlán. Í heilan áratug til ársins 1973, þegar innlánsbinding var lengst af 20%, var hlutfall endurkaupa og innlána á bilinu 10—14%. Frá miðju ári 1979 hefur innlánsbinding verið 28% af innlánnum, en endurkaup á bilinu 21—27%. Þannig mæld voru endurkaupin hæst árið 1978 eða um 28%, en árið 1981 lækkaði hlutfallið í 21—24%.

Sérstök sveigjanleg innlánsbinding

Sérstök sveigjanleg innlánsbinding er nýtt stjórnartæki, sem byggist á lögum nr. 12/1981. Þar segir, að Seðlabanka sé heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnar að ákveða hærrí og sveigjanlegri bindiskyldu á tímabilinu 1. maí 1981 til 30. apríl 1983 en kveðið er á í lögum um Seðlabanka. Fékk bankinn heimild ríkisstjórnar til að hafa þessa bindingu allt að 5% af heildarinnlánnum hjá hverri stofnun, og notaði hann heimildina að fullu. Eins og áður er lýst var þetta gert til að

draga úr útlánagetu, þegar annað peningaframboð er mikið, og varðveita bata lausafjárstöðunnar. Bundin fjárhæð er færð af viðskiptareikningi á sérstaka reikninga, sem taldir eru með lausafjárstöðunni, en innlánsstofnanir hafa þó engan aðgang að. Við hækkun bindingarinnar kann svo að fara, að innstæða á viðskiptareikningi hverfi og yfirdráttur myndist. Er þá viðkomandi stofnun nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að bæta stöðu sína, því að vextir af yfirdrætti eru háir eða 5% á mánuði, sem jafngildir nær 80% á ári. Eins og meðfylgjandi línurit sýna, tókst innlánsstofnunum ekki að bæta stöðu sína nógu fljótt, heldur juku þær yfirdrátt sinn við Seðlabanka. Möguleikar innlánsstofnana til að laga útlánastarfsemi sína að breyttum aðstæðum hafa minnkað til muna við verðtryggingu útlána eins og skýrt verður síðar. Ennfremur virðast þær hafa minna svigrúm til stefnubreytingar á síðari hluta árs en hinum fyrri. Af þessum sökum var innlánsbindingin lækkuð á ný.


Víxilkvótar

Á miðju ári kynnti Seðlabanki reglur um svonefndan víxilkvóta innlánsstofnana. Reglurnar fela í sér, að viðskiptabankar og stærstu sparisjóðir geta selt Seðlabanka 15 daga víxla innan kvóta, sem hverri stofnun er úthlutaður ársfjórðungslega. Kvótinn nam 6% af heildarinnlánnum hverrar stofnunar og skiptist að jöfnu í tvö þrep, en forvextir eru 36% í fyrra þrepi og 40% í hinu síðara. Lægri vextirnir svara til 43,7% ávöxtunar á ári, sem er svipað og hæstu útlánsvextir innlánsstofnana. Noti stofnun ekki að fullu kvóta sinn, hækka lánaþrepin á næsta ársfjórðungi og geta á þann hátt allt að því tvöfaldast. Tilgangurinn með þessu er að gefa innlánsstofnunum möguleika til að mæta óvæntum samdrætti lausafjárstöðunnar á annan hátt en með yfirdrætti, en lausafjárstaðan breytist mjög mikið frá degi til dags. Flestar stofnanir notfærðu sér þessa möguleika eins og fram kemur hér í línuriti. Þörfin reynist vera mest skömmu fyrir mánaðamót, enda dregur þá söluskattsinnheimta ríkissjóðs fé frá innlánsstofnunum. Í áraraddir hefur Seðlabanki aðeins endurkeypt afurða- og rekstrarlán ákveðinna greina. Víxilkvótarnir eru því merk nýlunda í stjórn peningamála hér, sem nú í fyrstu er ætlað að stuðla að meiri festu í fjármálum innlánsstofnana. Auk þess sem kvótarnir opna möguleika fyrir millibankaviðskipti, gætu þeir jafnvel komið í stað hinna hefðbundnu endurkaupa, ef reglurnar væru útfærðar frekar. Rannsókn, sem fram fór á árinu á starfsskilyrðum atvinnuvega, bendir einmitt til þess, að brýnt sé að draga úr misræmi, sem orðið er á ýmsum sviðum, eins og því sem felst í reglum um endurkaup.

Svo sem fram hefur komið jukust útlán innlánsstofnana afarmikið á árinu. Af flokkun lánanna eftir lánþegum má sjá, að mest var aukningin á lánum til einstaklinga eða rúm 90%. Lán til verslunar jukust

um 63%, en 89%, ef frá eru talin olíuverslun og samvinnufélög. Lán til sjávarútvegs jukust um 74%, landbúnaðar 50% og iðnaðar 89%. Af einstökum tegundum útlána jukust vísitölubundin lán áberandi mest eða úr 254 m.kr. í 1126 m.kr. Í upphafi árs voru þessi lán um 7% heildarútlána, en yfir 18% í árslok. Mikil áhersla hefur verið lögð á verðtryggingu innlána, og hafa útlán því færst í vaxandi mæli í þetta form. Skuldabréfalán með grunnvöxtum og verðbótaþætti eru einnig þýðingarmikill lánaflokkur, en hlutdeild hlaupareiknings- og víxillána hefur minnkað, svo sem sjá má af 51% aukningu þeirra árið 1981 í samanburði við 68,9% aukningu heildarútlána. Þessi þróun, sem mótast af vaxtastefnunni að undanfögnu, gerir innlánsstofnunum erfiðara fyrir við að laga útlánastarfsemi sína fljótt að breyttum aðstæðum. Þar að auki er útlánaaukning að nokkru leyti sjálfvirk eða sammingsbundin. Útlánaaukningin nam alls um 2.487 m.kr., en þar af jukust afurðalán um 718 m.kr., lán vegna lánsfjár-áætlunar um 145 m.kr. og önnur lán um 1.624 m.kr. eða 74%. Ætla má, að verðbætur lána vegna vísitölhækkana og verðbótaþáttar vaxta hafi numið nálægt 600 m.kr. á árinu eða 24% af aukningu heildarútlána.

Peningamagn og sparifé



Aukning peningamagns og sparifjár nam 71% á árinu 1981. Sem hlutfall af þjóðarframleiðslu hækkaði þessi stærð úr 25% í 28,8%, og kom hækkunin fram í öllum undirlíðum, en mest þó í innstæðum á almennum sparibókum. Peningamagn og almennt sparifé (M2) var að meðaltali 19,8% af þjóðarframleiðslu, samanborið við 16,6% ári fyrr. Á sjöunda áratugnum voru seðlar og mynt í umferð yfirleitt um 3—4% af þjóðarframleiðslu, en þetta hlutfall lækkaði stöðugt og var 1,3% árið 1980. Eftir gjaldmiðilsbreytinguna varð greinileg breyting hér á. Aukning seðla og myntar í umferð nam 81%, og hlutfall af þjóðarframleiðslu hækkaði í 1,6%. Gjaldmiðilsbreytingin hafði einnig áhrif á útgáfu ávísana, þannig að þeim fækkaði frá fyrra ári, einkum þó ávísunum með lágum fjárhæðum. Mælt á föstu verði miðað við lánskjaravísitölu virðist meðalfjárhæð tékka hafa hækkað um nær 13%. Búast má við því, að innlán aukist meira en tekjur og verðlag á næstunni, þar sem þau eru enn verulega lægri en talið er eðlilegt. Af þessu skapast svigrúm til aukinna innlendra lána, sem brýnt er að nýta til að draga úr þörfinni fyrir erlend lán.

VI. FJÁRFESTINGARLÁNASJÓÐIR OG LÍFEYRISSJÓÐIR

Útlán



Þeir fjárfestingarlánasjóðir, sem skýrslur ná yfir, eru nú 18 talsins. Mikil útlánaaukning einkenndi starfsemi þeirra árið 1981, en þá urðu reglubundin ný útlán þeirra 1.069 m.kr., sem er um 74% hærri fjárhæð en á árinu 1980, en það ár voru þau 30% hærri en á árinu 1979. Þessi útlánaaukning er 12% umfram það, sem áætlað var í lánsfjáráætlun 1981, en sé tekið tillit til vanmetinna verðlagsforsendna í lánsfjáráætlun, er útkoman um 5% hærri en áætlað var. Á línuritinu hér til hliðar eru ný útlán fjárfestingarlánasjóða sett í hlutfall við þá fjárfestingu, sem þeir teljast lána til, og er hlutfallið 1981 það hæsta, sem þar sést, eða um 39% borið saman við um 34% 1980. Flokkun útlánanna leiðir í ljós, að lán til atvinnuvega urðu 73% hærri 1981 en 1980, en það ár hækkuðu þau aðeins um 26%. Samsvarandi tölur um aukin lán sjóðanna til hvernar atvinnugreinar eða aðilaflokks eru þessar í sömu röð, 1981 og 1980: landbúnaður 56% og 25%, sjávarútvegur 86% og 4%, iðnaður 55% og 68%, verslun og þjónusta 91% og 66%, íbúðaeigendur 69% og 59% og bæjar- og sveitarfélög 69% og 148%. Samkvæmt þessu féll útlánaaukning sjóðanna tiltölulega jafnt á greinar 1981.

Tafla VI.1. Fjárstreymi fjárfestingarlánasjóða.

	1980		1981	
	M.kr.	f.f.ári %	M.kr.	f.f.ári %
<i>Uppruni fjármagns:</i>				
Eigið framlag, nettó	18	—69	56 ³⁾	211
Skatttekjur og framlög	229	34	327	43
Lántökur ¹⁾	372	45	734	97
Frá bankakerfinu ¹⁾	51	325	143	180
Frá lífeyrissjóðum	197	59	285	45
Frá atvinnuleysistryggingasjóði	17	—6	36	112
Innkominn skyldusparnaður	85	44	133	56
Önnur innlend lán	2	—	1	—
Erlend lán ²⁾	20	—53	136	580
Uppruni = ráðstöfun	619	27	1117	80
<i>Ráðstöfun fjármagns:</i>				
Ný útlán	614	38	1069 ³⁾	74
Breytingar á innstæðum og sjóði	5	.	48	.

¹⁾ Bráðabirgðalántökur nettó innifaldar (15 m.kr. 1980 og 88 m.kr. 1981). ²⁾ Undanskilin eru lán vegna erlendra endurlána (til Framleiðsluráðs landbúnaðarins, 30 m.kr. árið 1980 og 17 m.kr. árið 1981, og til Vegagerðar, 15 m.kr. árið 1980 og 26 m.kr. árið 1981). ³⁾ Afborgunarpáttur vanskilalána Fiskveiðisjóðs 1981 að fjárhæð 23 m.kr. er undanskilinn.

Tafla VI.2. Fjármögnun útlána fjárfestingarlánasjóða.
(Hlutföll í %)

	1976	1977	1978	1979	1980	1981
Eigið framlag, nettó	1	6	3	3	2	0
Innstæðu- og sjóðsbreytingar	-6	-3	-1	-10	-1	-5
Annað	7	9	4	13	3	5
Skatttekjur og framlög	40	42	44	39	37	31
Lántökur	59	52	53	58	61	69
Erlend lán	20	14	6	10	4	13
Innlend lán	39	38	47	48	57	56
Frá bankakerfinu	8	8	9	3	8	13
Frá lífeyrissjóðum	14	15	21	28	32	27
Frá Atvinnuleysistryggingasjóði	5	3	3	4	3	3
Innkominn skyldusparnaður	12	12	14	13	14	13
Ný útlán	100	100	100	100	100	100

Fjármögnun

Hluttur fjár úr eigin rekstri fjárfestingarlánasjóða í nýjum útlánnum er enn nokkuð rýr þrátt fyrir þreföldun þess að fjárhæð 1981, og nam hann 5% 1981 samanborið við 3% 1980. Skatttekjur og ríkisframlög stóðu undir um 31% útlána, og hefur þetta hlutfall þá lækkað þrjú ár í röð úr um 44% árið 1978 í 39% árið 1979 og 37% árið 1980. Ásamt mikilli aukningu útlána varð þetta til þess, að sjóðirnir slógu öll fyrri met í nýjum lántökum, sem námu 69% af nýjum lánnum 1981 samanborið við 61% 1980, 58% 1979 og 53% 1978. Sérstaklega mikil aukning varð á notkun erlendra lána mælt í áður nefndum hlutföllum, 13% 1981 miðað við 4% 1980, en að sama skapi lítils háttar samdráttur í hlut innlendra lána, 56% 1981 og 57% 1980. Þessi framvinda gengur mjög á móti ríkjandi stefnu við gerð lánsfjáráætlana, þegar ávallt er lögð áhersla á að halda aukningu erlendra lána í skefjum, en virkja heldur innlendan sparnað. Raunveruleg áhrif aukinnar lántöku urðu þó nokkru minni við það, að innstæður og sjóðir fjárfestingarlánasjóða jukust 1981 um 48 m.kr. eða sem svarar til 5% af útlánnum ársins.

Erlendar lántökur

Framkvæmdasjóður notaði erlent fjármagn að fjárhæð um 129 m.kr. til reglubundinnar starfsemi sinnar og að auki 13 m.kr. til Framleiðsluráðs landbúnaðarins vegna útflutningsbóta og 26 m.kr. til vegagerðar með milligöngu Byggðasjóðs. Sambærileg fjárhæð erlendra lána Framkvæmdasjóðs og Byggðasjóðs til reglubundinna þarfa í lánsfjáráætlun nam samtals um 94 m.kr. Munar hér um 35 m.kr., en gæta verður að því, að innlend lánsfjáröflun Framkvæmdasjóðs varð um 40 m.kr. minni en ráð var fyrir gert í áætlun. Þessi voru erlend lán fjárfestingarlánasjóða 1981: Framkvæmdasjóður tók 1000 milljónir yena að láni hjá Viðreisnarsjóði Evrópu í febrúar, og í maí tók Iðnþróunarsjóður 2,9 milljónir dollara að láni hjá Norræna fjárfestingarbankanum. Framkvæmdasjóður tók í nóvember tvö lán, 605 milljónir yena frá Norræna fjárfestingarbankanum og 6,5 milljónir dollara frá Sumitomo Bank. Loks tók Fram-

Tafla VI.3. Lán Framkvæmdasjóðs.
(Í milljónum króna)

	1978 ¹⁾	1979	1980	1981
Stofnlánadeild landbúnaðarins	18,5	19,5	27,5	41,0
Fiskveiðasjóður Íslands	21,0	68,8	59,1	98,8
Iðnlánasjóður	5,6	13,0	29,8	51,0
Verslunarlánasjóður	0,6	1,0	3,6	7,0
Stofnlánadeild samvinnufélaga	0,6	1,0	3,6	7,0
Ferðamálasjóður	1,8	3,8	5,0	4,0
Lánasjóður sveitarfélaga	3,4	3,8	16,6	33,0
Byggðasjóður ²⁾	1,6	21,5	19,8	39,0
Landflutningasjóður	—	—	3,0	3,6
Framleiðsluráð landbúnaðarins	—	—	30,0	17,0
Lán til annarra aðila	9,3 ³⁾	8,1	8,9	25,7
Lán samtals	62,4	140,5	206,9	327,1

¹⁾ Án beinna erlendra endurlána 15,7 m.kr. ²⁾ Þ.a. vegna milligöngu Byggðasjóðs í lánum 1979: til Orkusjóðs 14,8 m.kr. og til Vegagerðar 1980 15,2 m.kr. og 1981 25,8 m.kr. ³⁾ Þ.a. 6,0 m.kr. til ríkissjóðs v/lánstjárskipta við Fiskveiðasjóð.

kvæmdasjóður tvö lán í desember, 3 milljónir dollara frá Midland Bank og 10 milljónir dollara frá Credit Commercial de France. Iðnþróunarsjóður átti ónotað af sinni lántöku um 2,1 milljón dollara í árslok, og eru áfallnir vextir þá meðtaldir. Framkvæmdasjóður átti um 10 milljónir dollara ónotaðar, en hefur þá talist nota innstæðu sína frá síðustu áramótum, sem nam um 5,9 milljónum dollara.

Lánskjör

Rétt þykir að taka fram, að engar verulegar breytingar voru gerðar á lánskjörum fjárfestingarlánasjóða á árinu 1981. Lán sjóðanna eru með fáum undantekningum verðtryggt að fullu. Algengustu vextir vísitölubundinna lána eru 2% og 2,25% á ári til fjárfestingar í landbúnaði og íbúðum og 4% á ári til annarra atvinnuvega. Gengisviðmiðun lána fjárfestingarlánasjóða tíðkast hjá Iðnþróunarsjóði og Fiskveiðasjóði (skipalán), einnig á hluta lána frá Lánasjóði sveitarfélaga og Ferðamálasjóði og á endurlánnum Framkvæmdasjóðs og Byggðasjóðs. Auk tölulegra upplýsinga um fjárstreymi fjárfestingarlánasjóða og hlutfallslega skiptingu útlána þeirra fylgir hér tafla (VI.3.), sem sýnir skiptingu útlána Framkvæmdasjóðs. Nánari upplýsingar um fjárfestingarlánasjóði eru birtar í töflum í viðauka.


Lífeyrissjóðir

Lífeyrissjóðum fækkaði lítils háttar á árinu 1981 við samruna nokkurra þeirra, og ná skýrslur nú yfir um 90 starfandi sjóði, en flestir urðu þeir um 95 fyrir 2—3 árum. Áætlanir um ráðstöfunarféð lífeyrissjóða árið 1981 benda til, að það hafi orðið um 50% hærra en á árinu 1980, en það ár varð það um 62% hærra en 1979. Aukningin 1981 er því aðeins hægari en varð á fjárhæð þjóðarframleiðslu eins og sjá má af línuritinu hér til hliðar, en ráðstöfunarféð er þó enn vaxandi miðað við vergan sparnað í þjóðarbúinu. Áætlanir benda og til þess, að lífeyrissjóðir hafi ráðstafað nokkru af áður uppsöfnuðum innstæð-

Tafla VI.4. Fjárstreymi lífeyrissjóða.

	Bráðabirgðatölur 1980		Áætlun 1981	
	M.kr.	Breyt- ingar f.f.ári %	M.kr.	Breyt- ingar f.f.ári %
Fjármagnshreyfingar og rekstur, nettó	286	74	420	47
Iðgjöld að frádrögnum lífeyrisgreiðslum	280	51	430	54
Ráðstöfunarfé alls	566	62	850	50
Ný útlán	491	71	900	83
Til Byggingarsjóðs ríkisins	80	95	120 ¹⁾	50
Til Framkvæmdasjóðs	71	34	70	-1
Til annarra fjárfestingarlánasjóða	46	53	95	107
Til ríkissjóðs v/lánsfjáráætlunar	12	.	57	375
Önnur útlán	282	73	558	98
Innstæðu- og sjóðsbreytingar	75	.	-50	.


¹⁾ Undanskildar eru 5 m.kr., sem Byggingarsjóður ríkisins endurlánaði Byggingarsjóði verkamanna. Þær eru taldar með lánum til annarra fjárfestingarlánasjóða.



um og sjóðum, og eru útlán árið 1981 þannig talin vera um 50 m.kr. hærri en ráðstöfunarféð. Með þessu móti var lífeyrissjóðum kleift að uppfylla kvaðir um skuldabréfakaup af fjárfestingarlánasjóðum og ríkissjóði og um leið stórauka önnur útlán. Sem heild teljast þeir hafa náð 40% skyldumarkmiðinu á árinu 1981 samanborið við 37% árið 1980. Vegna góðrar ávöxtunar þessara skuldabréfa hafa nokkrir lífeyrissjóðir keypt þau umfram það, er skyldan bauð, en það þýðir að sjálfsögðu, að aðrir sjóðir hafa ekki uppfyllt skylduna. Því veldur sjálfsagt mikil lánaeftirspurn annarra, svo sem sjóðsfélaga.

VII. GENGISMÁL


Alþjóðleg þróun



Þróun gengis krónunnar

Veruleg hækkun á gengi Bandaríkjadollars einkenndi gengisþróun á alþjóðagjaldeyrismörkuðum á árinu 1981, en auk þess hafði hún umtalsverð og að mestu jákvæð áhrif á íslenskan þjóðarbúskap. Vegið meðalgengi dollars tók að hækka þegar á fjórða ársfjórðungi 1980 og hélt áfram að hækka á fyrstu þrem ársfjórðungum 1981, en á hinum síðasta lækkaði það nokkuð. Að miklu leyti stafar þessi hækkun af því, að vextir á fjárkröfum í dollurum hafa verið hærri en í öðrum aðalviðskiptagjaldmiðlum. Hefur hækkunin á gengi dollars þó verið nokkru meiri en slíkur vaxtamismunur gat gefið tilefni til. Gengi annarra helstu viðskiptagjaldmiðla markaðist öðru fremur af breytilegum styrk dollars á markaðnum. Þannig lækkaði gengi japanska yensins á árinu, en árið 1980 hafði það hækkað mjög. Sömuleiðis lækkaði gengi þýska marksins á þrem fyrstu ársfjórðungunum, en styrktist nokkuð undir lok ársins og endurspegladi þá lækkun dollars. Sterlingspundið hafði verið í mjög háu gengi í ársbyrjun. Gætti þar áhrifa þess, að Bretland er orðið olíuframleiðsluland, en auk þess voru vextir á kröfum í sterlingspundum háir. Gengi pundins lækkaði, er leið á árið. Meðal gjaldmiðla hinna Norðurlandanna var áframhaldandi lækkun dönsku krónunnar hvað mest áberandi, en sænsk króna lækkaði einnig nokkuð. Aftur á móti var gengi norsku krónunnar mjög stöðugt. Í heild urðu breytingar á gengi helstu viðskiptagjaldmiðla heims árið 1981 fremur óeðlilegar miðað við fyrri ár. Var greinilegt, að vextir í einstökum löndum réðu miklu um gengi þessara gjaldmiðla, en halli eða afgangur á viðskiptajöfnuði réð minna en oft hafði verið áður. Spákaupmennska gegndi mun þýðingarmeira hlutverki en áður, og trú manna á aðhaldssama stefnu í efnahagsmálum í Bandaríkjunum og Bretlandi hefur á tímabili án efa átt nokkurn þátt í háu gengi á gjaldmiðlum þessara landa.

Í upphafi ársins 1981 var tekin upp ný stefna í íslenskum gengismálum, sem var í verulegum atriðum frábrugðin þeirri, sem beitt hefur verið undanfarin ár. Í stað tiltölulega jafns gengissigs, er héldist nokkurn veginn í hendur við verðbólguþróun, var ákveðið að halda gengi krónunnar sem stöðugustu til þess að sporna við verðbólgu-



áhrifum frá verðhækkun innflutnings. Þegar ríkisstjórnin gaf út bráðabirgðalög um efnahagsráðstafanir í árslok 1980, lýsti hún því jafnframt yfir, að gengissigi yrði hætt og gengi krónunnar skyldi haldið föstu á næstu mánuðum. Í fyrstu eða fram til 10. febrúar var þetta framkvæmt með því að skrá fast gengi á krónunni gagnvart Bandaríkjadollar, en á sama tíma styrktist dollarinn talsvert gagnvart Evrópugjaldmiðlum og gerði það að verkum, að gengi margra þeirra lækkaði gagnvart íslenskrri krónu, þ.e. þeir urðu ódýrari í krónum. Þar eð þetta olli verulegri röskun á hag margra útflytjenda, sem selja vöru sína í Evrópugjaldmiðlum, var ákveðið, að viðmiðun gengisskráningar skyldi breytt yfir í vegið meðalgengi krónunnar, og skyldi það fært í sama horf og það var um áramótin. Í millitíðinni hafði það hækkad um 3,5% vegna styrkleika dollars, en það var nú leiðrétt með jafngildri lækkun. Á tímabilinu frá 10. febrúar til 29. maí var vegnu meðalgengi krónunnar haldið föstu, en það náði samt ekki að rétta hlut þeirra útflytjenda, sem höfðu tekjur sínar í Evrópugjaldmiðlum, þar sem dollarinn hélt enn áfram að styrkjast. Auk þess héldu kostnaðarhækkunar áfram innanlands, þannig að verulega tók að þrengja að útflutningsatvinnuvegunum. Hinn 29. maí var ákveðið að lækka gengi krónunnar um 3,85%, sem þýddi 4% hækkun á vegnu meðalgengi erlendra gjaldmiðla. Tvær svipadur gengisbreytingar til viðbótar voru gerðar síðar á árinu. Hinn 26. ágúst var gengið lækkað um 4,76%, sem samsvaraði 5% hækkun á gengi erlendra gjaldmiðla, og hinn 10. nóvember var gengið enn lækkað um 6,5%, en það jafngildi 6,9% hækkun á gengi erlendra gjaldmiðla. Jafnframt var ákveðið, að kaupgengi dollars yrði ekki lægra en 8,156 krónur. Allt árið 1981 var þeirri stefnu framfylgt að halda gengi krónunnar föstu milli gengisbreytinga og þá miðað við vegið meðalgengi. Þau takmörk, sem sett voru á kaupgengi dollars eftir 10. nóvember, höfðu í för með sér smávægilega lækkun á vegnu meðalgengi í nokkrar vikur, en um áramót var sú breyting horfin. Í

Raungengi

lok ársins 1981 var sýnt, að enn væri frekari breytingar á gengi krónunnar þörf, en hún kom ekki til framkvæmda fyrr en 14. janúar 1982 og nam þá 12% til lækkunar á gengi krónu, en 13,6% til hækkunar á meðalgengi erlendra gjaldmiðla. Frestun á þeirri breytingu fram yfir áramót gerir það m.a. að verkum, að lækkun á gengi íslensku krónunnar var tiltölulega lítil á árinu 1981, ef miðað er við verðlagsþróun. Frá ársbyrjun til ársloka lækkaði gengi íslensku krónunnar um 16,3%, sem samsvarar hækkun á gengi erlendra gjaldmiðla um 19,5%. Til samanburðar lækkaði gengi krónunnar frá ársbyrjun til ársloka 1980 um 35,2% og 1979 um 20,9%. Þessi breyting endurspeglar annars vegar þann ásetning stjórnvalda að nota gengisskráningu sem tæki til viðnáms gegn verðbólgu. Styrkur dollars varð hins vegar til þess, að talsvert meira fékkst fyrir mikinn hluta af útflutningsvörum Íslendinga en ella. Hjálpaði það til við að bæta viðskiptakjör og gera þar með gengisbreytingar vegna rekstrargrundvallar atvinnuveganna minni en ella hefði þurft að vera.

Stjórnvöld og gjaldeyrismarkaðir beita ýmsum aðferðum til þess að meta eðlilegar og nauðsynlegar gengisbreytingar. Sumir mælikvarðar hafa hlotið þá viðurkenningu, að þeir eru notaðir víða um lönd. Hinir helstu setja gengisþróunina annars vegar í samband við hlutfall verðlagsbreytinga heima fyrir og erlendis og hins vegar við hlutfall launabreytinga heima og erlendis. Þegar gengisþróunin er metin á þennan hátt, fæst það, sem kallað er *raungengi*, þ.e. raunverulegt gildi gjaldmiðilsins fyrir þá, sem við eiga að búa. Stuðst er við breytingar á verðlagi vergrar landsframleiðslu, en hún er hin sama og verg þjóðarframleiðsla að slepptum tekjugreiðslum (launa, vaxta og arðs) milli landa. Launakostnaður sýnir hins vegar veigamesta þátt þess kostnaðar, sem atvinnureksturinn stendur frammi fyrir, og er hér

Tafla VII.1. Hlutfallsleg verðþróun og raungengi.

	Hlutfallsl. verð/launaþróun		Raungengi ísl. krónunnar	
	Verðvísitala lands- framleiðslu	Launa- kostnaður á einingu	Á verð- kvarða	Á launa- kvarða
1973	32,1	32,7	97,3	99,1
1974	40,3	43,7	110,6	120,2
1975	49,3	48,9	86,4	85,7
1976	60,4	60,2	96,0	95,7
1977	74,8	72,8	108,8	105,9
1978	100,0	100,0	100,0	100,0
1979	130,7	131,3	95,9	96,3
1980	180,7	182,6	96,2	97,3
1981	248,1	256,0	101,0	104,3

stuðst við greidd laun á hverja framleidda einingu, að meðtöldum taxtatilfærslum og launaskriði. Tafla VII.1. sýnir vísitölur hlutfallslegrar verð- og launaþróunar og raungengi samkvæmt því frá 1973. Árið 1978 er sett 100, en raungengi þess árs er mjög nærri meðaltali allra ára. Hátt raungengi þýðir, að krónan er hlutfallslega dýr, og lágt, að hún er hlutfallslega ódýr. Þannig ætti t.d. lágt raungengi að öðru jöfnu að vera hagstætt útflutnings- og samkeppnisatvinnuvegunum. Ítarlegri grein verður gerð fyrir þessu gengismati á öðrum vettvangi síðar.

VIII. ERLEND MÁL OG SAMNINGAR

Alþjóðastofnanir

Seðlabankinn annast fyrir hönd íslenskra stjórnvalda margvísleg viðskipti á sviði efnahags- og fjármála við alþjóðastofnanir og erlendar peningastofnanir. Á bankinn samskipti við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF), Alþjóðabankann (IBRD) og systurstofnanir hans, Efnahags- og framfarastofnunina í París (OECD), Fjárhagsnefnd Norðurlanda, norrænu seðlabankana og Alþjóðlega greiðslubankann (BIS) auk margra annarra banka. Á árinu 1981 var dr. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri áfram aðalfulltrúi Íslands í sjóðráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Jón Sigurðsson, fulltrúi Norðurlanda í sjóðsstjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, varafulltrúi. Aðalfulltrúi í bankaráði Alþjóðabankans var Tómas Árnason viðskiptaráðherra, og Ragnar Arnalds fjármálaráðherra var varafulltrúi hans.

Jón Sigurðsson, fyrrum forstjóri Þjóðhagsstofnunar, var aðalfulltrúi Norðurlanda í sjóðsstjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Dr. Gísli Blöndal, fyrrum hagsýslustjóri, var varafulltrúi hans til loka febrúar 1981, en þá tók Leif Vidvei frá Noregi við. Hans Lundström frá Svíþjóð var aðalfulltrúi Norðurlandanna í bankaráði Alþjóðabankans, og varafulltrúi var Daninn Ole L. Poulsen. Fulltrúar Norðurlandanna hjá þessum stofnunum hafa aðsetur í höfuðstöðvum stofnanna í Washington, D.C.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Ársfundur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans var haldinn í Washington í lok september, og sóttu hann Gísli Blöndal, Halldór Ásgrímsson, Jóhannes Nordal, Jón Sigurðsson, Ragnar Arnalds, Sigurgeir Jónsson, Tómas Árnason og Þórhallur Ásgeirsson.

Starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á sl. starfsári, sem lauk í apríllok 1981, mótaðist mjög af þeirri efnahagskreppu, sem gekk yfir heiminn. Lánveitingar og úthlutanir sérstakra dráttarréttinda stórkust frá árinu áður og námu alls 9,5 milljörðum SDR, en þar af gengu 6,6 milljarðar til þeirra þróunarlanda, sem ekki vinna olíu úr jörðu. Endurgreiðslur lána námu aðeins 1,9 milljörðum SDR og hafa ekki verið lægri í mörg ár. Þá úthlutaði sjóðurinn sérstaklega hagnaði af gullsölu, sem nam 400 milljónum SDR, en sú úthlutun gekk öll

til þróunarlandanna. Það einkenndi mjög útlán sjóðsins á starfsárinu 1980/81, að lántökulönd áttu í meiri erfiðleikum en fyrr og voru fúsari til að taka lán gegn skilyrðum um breytta stjórn efnahagsmála heima fyrir. Er þetta gagnstætt því, sem verið hefur á undanförunum árum, þegar mest hefur verið tekið af lánnum úr óskilyrtum lána-flokkum. Endurspeglar þessi breyting mun erfiðari greiðslujafnaðar-stöðu margra landa í kjölfar olíuverðhækkana 1979—81, sérstaklega þeirra þróunarlanda, sem ráða ekki yfir olíulindum.

Ísland tók ekki lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á árinu 1981. Í árslok námu skuldir Íslands við sjóðinn samtals 5,9 milljónum SDR (56,4 milljónum króna á árslokagengi) og höfðu lækkað um 9,8 milljónir SDR á árinu. Lán þau, sem enn eru ógreidd hjá sjóðnum, eru öll í flokki svokallaðra olíulána, er voru tekin á árunum 1974—76. Gert er ráð fyrir að endurgreiða þau að fullu snemma árs 1983.

Kvóti Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum nemur 43,5 milljónum SDR, og hafði hann hækkað um 50% árið 1980. Á árinu 1978 var ákveðið að efna til nýrrar úthlutunar á sérstökum dráttarréttindum á árunum 1979 til 1981. Í samræmi við þetta var Íslandi úthlutað rúmlega 3 milljónum SDR í upphafi hvers árána 1979, 1980 og í þriðja og síðasta sinn á árinu 1981. Sendinefnd frá sjóðnum kom að vanda til landsins á árinu til viðræðna við stjórnvöld um ýmsa þætti efnahags- og fjármála.

Norrænt samstarf

Árlegur fundur seðlabankastjóra Norðurlanda var haldinn í Ribe í Danmörku í júní 1981. Gengismál voru aðalræðuefni fundarins, auk þess sem fjallað var um samstarf norrænu seðlabankanna á breiðum grundvelli og þátttöku þeirra í viðtækara alþjóðlegu samstarfi um gjaldeyris- og peningamál. — Fjárhagsnefnd Norðurlanda hélt þrjá fundi á árinu, í Stokkhólmi, Skagen í Danmörku og Helsinki. Nefndin fjallar m.a. um viðfangsefni á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en starfar einnig að hluta til sem embættismannanefnd á vegum Norðurlandaráðs og fær sem slík ýmis verkefni frá ráðinu á sviði gjaldeyris- og fjármála. Seðlabankinn tók á árinu þátt í fundum þeirra norrænu aðila, sem hafa með höndum erlendar lántökur fyrir opinbera aðila á Norðurlöndunum.

IX. UMSJÁ SJÓÐA OG ÝMIS STARFSEMI FYRIR RÍKISSJÓÐ

Ríkisábyrgðasjóður

Ríkisábyrgðir, sem veittar voru á árinu 1981, urðu nokkru færri en árið áður eins og sést á yfirlitinu hér á eftir, en fjárhæð veittra ábyrgða hækkaði til muna.

Tafla IX.1. Ríkisábyrgðir 1980 og 1981.

	1980		1981	
	Fjöldi	M.kr.	Fjöldi	M.kr.
Hafnargerðir og dráttarbrautir . . .	15	2,2	18	7,9
Iðnaður	2	2,5	—	—
Samgöngur	2	30,7	1	39,2
Togarar	1	7,1	1	23,0
Annað	8	14,0	3	48,3
	28	56,5	23	118,4

Á sl. fimm árum hefur nýjum ábyrgðum fækkað, en fjárhæð þeirra hækkað ört. Greiðslur, sem á Ríkisábyrgðasjóð hafa fallið, hafa vaxið mjög og nokkuð umfram það, sem innheimst hefur frá skuldurum. Þetta breyttist þó á sl. ári, en þá stóðust innleystar kröfur og innheimtur á. Tafla IX.2. sýnir fjárhæðir innleystra krafna, endurgreiðslna frá skuldurum og nettógreiðslna árin 1977—1981.

Tafla IX.2. Kröfur og endurgreiðslur til Ríkisábyrgðasjóðs.
(Í milljónum króna)

	1977	1978	1979	1980	1981
Innleystar kröfur	13,9	29,0	34,1	42,7	60,6
Endurgreiðslur skuldara	10,3	25,3	30,2	36,5	60,6
	3,6	3,7	3,9	6,2	0,0

Lánaumsjá fyrir ríkissjóð

Seðlabankinn veitir ýmsa þjónustu í sambandi við lántökur ríkissjóðs, innanlands og utan. Þannig annast bankinn t.d. útgáfu innlendra skuldabréfa ríkissjóðs. Ríkisábyrgðasjóður annast vörslu þeirra lána, sem ríkissjóður veitir af eigin fé sínu eða af andvirði lána, sem hann hefur tekið til endurlána. Í árslokinn nam höfuðstóll endurlána ríkissjóðs 4.647 m.kr. og hækkaði á árinu um 1.395 m.kr. Nýjar lánveitingar á árinu námu 706 m.kr.

Spariskírteini

Í fjárlögum 1981 var fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilað að gefa út innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að fjárhæð 90 m.kr. Að auki voru í gildi söluheimildir vegna innlausnar eldri spariskírteina. Samtals var því heimilt að gefa út spariskírteini að fjárhæð 190,5 m.kr. Spariskírteini voru gefin út í tveimur flokkum. Sala fyrri flokksins hófst 25. janúar og lauk 30. apríl. Alls seldust skírteini að fjárhæð 25 m.kr. Grunnvísitala flokksins var lánskjaravísitala, sem gildi tók 1. febrúar 1981. Sala seinni flokksins hófst 14. október og lauk 31. desember. Alls seldust í þessum flokki skírteini fyrir 20 m.kr. Grunnvísitala var lánskjaravísitala, sem gildi tók 1. nóvember 1981. Vextir af spariskírteinum, sem út voru gefin 1981, voru nokkru lægri en af eldri skírteinum. Fyrstu fimm árin eru þeir 2½% á ári, hækka síðan jafnt og þétt og verða að meðaltali 3,2% á ári allan lánstímann, sem er 22 ár. Skírteinin eru innleysanleg frá og með 23. janúar og 15. október 1986.

Nú hafa alls verið gefnir út 33 flokkar spariskírteina, samtals að nafnverði 279,6 m.kr. Í árslok höfðu allir flokkar, útgefnir á árunum frá 1964 til 1968, komið til lokainnlausnar. Nafnverð óinnleystra skírteina var 273,5 m.kr. í árslok 1981, en verðmæti þeirra að viðbættum vöxtum og verðbótum nam þá 1.397 m.kr. Innlausnarvirði innleysanlegra spariskírteina nam 586,4 m.kr.

Happdrættisbréf

Happdrættisbréf voru gefin út á árunum 1972 til 1977, en síðan ekki fyrr en á árinu 1981. Þá var boðinn til sölu einn flokkur bréfa, 5 m.kr. Sala hófst 9. apríl og stóð til loka maí. Bréf þessi verða innlest frá og með 1. maí 1986 og greiðist á þau verðbót, sem svarar hækkun lánskjaravísitölu frá 1. maí 1981 til og með 1. maí 1986. Vextir greiddust í formi vinninga, sem dregnir voru út einu sinni, hinn 1. júní 1981. Vinningar námu 15% af andvirði bréfanna. Alls hafa verið gefnir út 11 flokkar happdrættisbréfa, samtals að nafnverði 23,6 m.kr., og hefur andvirði þeirra verið varið til vegaf framkvæmda. Verðmæti bréfanna að viðbættum verðbótum nam 236,5 m.kr. í árslok 1981.

Önnur innlend fjáröflun

Á árinu 1981 var samið um það við banka og sparisjóði, að þeir keyptu verðtryggt skuldabréf af ríkissjóði fyrir fjárhæð, er svaraði ákveðnum hundradshluta innlánaaukningar sinnar. Alls keyptu innlánsstofnanir slík bréf fyrir 75,6 m.kr. á árinu. Ennfremur var leitað til lífeyrissjóða um kaup á verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs, og keyptu þeir bréf fyrir samtals 56,6 m.kr.

Erlend lán

52

Eins og jafnan áður hafði Seðlabankinn á árinu 1981 milligöngu um útvegum erlendra framkvæmdalána fyrir ríkissjóð og veitti ýmsum ríkisfyrirtækjum og opinberum stofnunum aðstoð og ráðgjöf við er-

lendar lántökur. Á árinu tók ríkissjóður eitt stórt erlent lán. Lán þetta, sem nam 15 milljónum sterlingspunda, var tekið í Bretlandi fyrir milligöngu Hambros Bank Ltd. Andvirði þess nam á lántökudegi, 19. janúar, 224 m.kr. Það var greitt út í tvennu lagi, og vegna gengisbreytinga innanlands og utan nam innkomið andvirði þess 238 m.kr. Lánið er til 35 ára og endurgreiðist í einu lagi að liðnum þeim tíma, en heimilt er að greiða það fyrir, ef ástæða þykir til. Vextir eru 14½% á ári. Veltilán, sem tekið var á árinu 1980 fyrir milligöngu Midland Bank Ltd. o.fl., 30 milljónir dollara, hafði að fullu verið notað í árslok 1981. Í lok ársins var tekið bráðabirgðalán hjá Seðlabanka Íslands að fjárhæð 6 milljónir dollara, sem jafngilti um 49,1 m.kr. Andvirði lánanna var notað til fjármögnunar framkvæmda samkvæmt lánsfjáráætlun 1981, en nánar er um ráðstöfun lánsfjárláns fjallað í kafla IV.

Orkusjóður

Framlög ríkissjóðs til Orkusjóðs námu 46,3 m.kr. auk verðjöfnunargjalds, 65,4 m.kr. Lántökur sjóðsins námu alls 335,7 m.kr., en lánveitingar 343,8 m.kr. og skiptust eins og greint er í töflu IX.3.

*Tafla IX.3. Lánveitingar Orkusjóðs.
(Í milljónum króna)*

Lán til raforkuframkvæmda	317,2
Hitaveitulán	15,0
Lán til jarðhitaleitar	11,0
Einkarafstöðvalán	0,6
Samtals	343,8

Vaxtatekjur sjóðsins námu alls 135,8 m.kr. á árinu og vaxtagjöld 129,2 m.kr. Tafla IX.4. sýnir styrkveitingar og framlög úr Orkusjóði á árinu.

*Tafla IX.4. Styrkveitingar og framlög Orkusjóðs.
(Í milljónum króna)*

<i>Skv. 71. gr. orkulaga:</i>		
Til sveitarafvæðingar	5,0	
Til styrkingar rafdreifikerfa	16,1	21,1
Til jarðhitarannsóknna		2,2
<i>Af verðjöfnunargjaldi:</i>		
Til Rafmagnsveitna ríkisins	52,1	
Til Orkubús Vestfjarða	13,0	65,1
Annað	0,2	
		88,6

Hafnabótasjóður

Hafnabótasjóður veitti á árinu alls 20 lán og 2 bráðabirgðalán, samtals að fjárhæð 13,7 m.kr., og styrki til 11 hafnarsjóða, samtals 1,5 m.kr. Lánveitingar hækkðu mikið frá fyrra ári, er þær námu aðeins 3,2 m.kr. Styrkveitingar voru svipaðar og árið 1980 og voru allar

**Verðjöfnunarsjóður
fiskiðnaðarins**

vegna framkvæmda. Sjóðurinn tók tvö lán hjá Framkvæmdasjóði, samtals að fjárhæð 8,3 m.kr. Að hluta var þeim varið til yfirtöku lána og að hluta til endurlána vegna framkvæmda við dráttarbrautir. Þá var tekið bráðabirgðalán hjá Atvinnuleysistryggingasjóði að fjárhæð 3 m.kr. Framlag á fjárlögum var 3,2 m.kr. Heildarvaxta-tekjur sjóðsins urðu 5,1 m.kr. og vaxtagjöld 2,7 m.kr.

Árið 1981 var þriðja árið í röð, sem starfsemi Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins einkenndist af verulegum greiðslum verðbóta, og gildi það um flestar afurðir, sem sjóðurinn nær til. Verðlag hélst fremur stöðugt, ef undan er skilið mjöl og lýsi og frystur hörpudiskur, en verð á þessum afurðum lækkaði, einkum er líða tók á árið. Einnig átti sér stað þó nokkur lækkun á verði saltsíldar frá árinu áður. Var svo komið í lok maí, að sjóðinn skorti 28,4 m.kr. til þess að fá risið undir fullum verðbótum á freðfiski á grundvelli þeirra viðmiðunarverða, sem ákveðin höfðu verið fyrir tímabilið frá 1. október 1980 til 31. maí 1981 og stjórnvöld höfðu gefið fyrirheit um ábyrgð á. Með lögum (81/1981) um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabankans um breytingu á gengi krónunnar hinn 26. ágúst 1981 var ákveðið að gera sjóðnum kleift að standa við þessa skuldbindingu. Skyldu allt að 29 m.kr. renna til freðfiskdeildar hans, en afgangurinn, 6,7 m.kr.,

*Tafla IX.5. Greiðslur Verðjöfnunarsjóðs eftir framleiðsluárum.¹⁾
(Í þúsundum króna)*

	Framleiðsla 1980		Framleiðsla 1981	
	Innh.	Útgr.	Innh.	Útgr.
Frystar fiskafurðir		29.174		34.807
Freðfiskur		31.875		26.127
Humar	0	0	0	0
Rækja	0	0		10.800
Hörpudiskur	2.701		2.120	
Saltsíld	0	0		2.900
Saltfiskafurðir		26.548	668	
Saltfiskur, óverkaður		26.427	700	
Saltfiskur, verkaður	0	0	0	0
Söltuð ufsaflök		121		32
Skreið	0	0	9.000	
Mjöl- og lýsisafurðir		35.137		54.566
Mjöl		11.563		31.466
Loðnummjöl		9.280		25.200
Spærings- og kolmunnamjöl		163		66
Fiskmjöl		2.120		5.700
Síldarmjöl		500
Lýsi		23.574		23.100
Loðnulýsi		23.574		22.800
Síldarlýsi		300
Samtölur afurða	2.701	93.560	11.820	94.425
Samtölur deilda		90.859	9.668	92.273
Samtölur Verðjöfnunarsjóðs, nettó		90.859		82.605

¹⁾ Þrjú punktar (...) tákna, að verðjöfnun hafi ekki verið tekin upp.

skiptast hlutfallslega á aðrar deildir sjóðsins. Hér var um að ræða gengisuppfærslu á endurkeyptum afurða- og rekstrarlánnum, sem ákveðið var að Seðlabankinn gæfi eftir.

Á árinu gaf sjávarútvegsráðherra fyrirheit um útvegum allt að 1 m.kr. til verðbóta á saltsíld, framleiddri haustið 1981. Hér er um að ræða viðbót við inneign saltsíldarframleiðslunnar hjá sjóðnum, en áætlað var, að innstæðan gæti numið um 1,9 m.kr., þegar endanlegt uppgjör færi fram. Samkvæmt þessu er því gert ráð fyrir, að um 2,9 m.kr. verði ráðstafað í verðbætur á saltsíld frá þessu tímabili. Ætla má, að greiðslur verðbóta á framleiðslu ársins 1981 verði um 94,4 m.kr. og greiðslur í sjóðinn 11,8 m.kr.

Endanlegt uppgjör liggur fyrir um greiðslur vegna framleiðslu ársins 1980, en uppgjóri fyrir framleiðslu ársins 1981 er hins vegar enn ekki lokið, og eru því tölur fyrir það ár í töflu IX.5. að mestu byggðar á áætlun.

Heildarinnstæða Verðjöfnunarsjóðs í Seðlabankanum nam 88,6 m.kr. í árslok 1980, en 147,4 m.kr. í árslok 1981. Frystiafurðadeildin átti mest fyrra árið, en skreiðardeildin hið síðara. Tafla IX.6. sýnir innstæður í árslok 1980 og 1981 ásamt breytingum á árinu 1981, skipt eftir deildum.

Tafla IX.6. Innstæður Verðjöfnunarsjóðs í Seðlabankanum.
(Í þúsundum króna)

	Stofn- fjár- deild	Frysti- afurða- deild	Salt- síldar- deild	Salt- fisk- deild	Skreiðar- deild	Mjöl- og lýsis- deild	Alls
Innst. 31/12/80 . . .	2.142	30.430	1.463	18.581	15.670	20.286	88.572
Inngr./útgr.	—48	—35.498	—13	—3.702	13.205	—33.099	—59.155
Gengisuppfærsla . .	333	6.681	323	3.921	4.919	1.899	18.076
Vextir ¹⁾	318	5.076	237	2.941	3.090	2.036	13.698
Eftirg. gengisuppf. ²⁾	7.253	28.413	—	—	—	—	35.666
Framl. frá gengm. ³⁾	—458	1.463	—	3.880	2.345	1.330	8.560
Lántaka ⁴⁾	—	—	—	—	—	42.000	42.000
Innstæður 31/12/81	9.540	36.565	2.010	25.621	39.229	34.452	147.417

¹⁾ Vextir voru 14,01%, þ.e. meðalvextir ríkisvixla í Bandaríkjunum og Bretlandi. Einnig voru sjóðnum færðir til tekna viðaukavextir 1% fyrir árið 1980 skv. ákvörðun bankastjórnar Seðlabankans. ²⁾ Með lögum nr. 81/1981 var ákveðið, að Seðlabanki Íslands endurgreiddi gengisuppfærslu á endurkeyptum afurða- og rekstrarlánnum vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981, og skyldu allt að 29 m.kr. þeirrar endurgreiðslu, sem kæmi á afurðir, sem Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins tekur til, renna til freðfiskdeildar sjóðsins, en afgangurinn skiptast hlutfallslega á aðrar deildir sjóðsins. Heildargreiðslan, sem rann til sjóðsins samkvæmt þessu, nam 35,7 m.kr., og reyndist endanlegur hlutur freðfiskdeildar 28,4 m.kr. Um áramótin 1981/1982 var ekki búið að skipta mismuninum, 7,3 m.kr., á hinar deildir sjóðsins, og er hann því enn á reikningi stofndeildar sjóðsins. ³⁾ Hér er um að ræða endanlegt uppgjör varðandi síðari gengismunarreikninginn frá árinu 1978 (hluti Verðjöfnunarsjóðs: 50%, sbr. lög nr. 22/1979), en hlutur sjóðsins varð samtals 41,6 m.kr. Áður en til endanlegra skipta kom skv. lögnum, höfðu 9,6 m.kr. runnið til freðfiskdeildarinnar. ⁴⁾ Á árinu var tekið lán skv. heimild í lögum nr. 81/1981 að upphæð 42 m.kr., en í 3. gr. laganna segir, að fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs skuli veita ríkisábyrgð fyrir lánnum að fjárhæð allt að 42 m.kr. til þeirrar deildar sjóðsins, sem tekur til afurða síldar- og fiskmjólsverksmiðja, til þess að gera henni kleift að standa undir greiðslum verðbóta á loðnuafurðir (mjöl og lýsi) af framleiðslu tímabilsins 1. október til 31. desember 1981.

Með lögum (81/1981) um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabankans um breytingu á gengi krónunnar hinn 26. ágúst 1981 var ákveðið að taka gengismun (fram í nóvember 2,286% og síðan 2,136%) af óverkuðum saltfiski, skreið og frystum hörpudiski. Skyldi þessum gengismun eingöngu varið til að bæta stöðu Verðjöfnunarsjóðs og hann renna óskiptur til hlutaðeigandi deilda sjóðsins. Endanlegt uppgjör hefur enn ekki farið fram, en gera má ráð fyrir, að gengismunurinn geti numið allt að 20 m.kr.

X. ÝMSIR ÞÆTTIR Í STARFSEMI BANKANS OG LAGABREYTINGAR

Lagabreytingar

Með bráðabirgðalögum nr. 87 frá 31. desember 1980, um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, sem staðfest voru á árinu 1981, var gerð breyting á ákvæði til bráðabirgða í 33. gr. laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., sem varðar vaxtaákvæðanir skv. 13. gr. laga nr. 10/1961, um Seðlabankann. Breytingin lengdi aðlögunartíma til að koma á verðtryggingu inn- og útlána um eitt ár, þ.e. frá árslokum 1980 til ársloka 1981.

Sex mánaða verðtryggðir reikningar

Með 3. gr. ofangreindra bráðabirgðalaga nr. 87 frá 31. desember 1980 var eftirfarandi breyting gerð á 36. gr. laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl.: „Stofna skal til verðtryggðra sparifjárreikninga í bönkum og sparisjóðum, þar sem binda má fé til sex mánaða.“ Frá 1. júlí 1980 höfðu verið í gildi verðtryggðir sparifjárreikningar með tveggja ára bindingu, en eins árs bindingu að fyrsta ári liðnu frá stofnun reiknings. Með þessu lagaákvæði var binditíminn stytur í sex mánuði, en vextir voru óbreyttir, 1% á ári ofan á verðtryggðan stofn. Reglur um slíka verðtryggða sparifjárreikninga tóku gildi hinn 13. febrúar 1981, en jafnframt var lágmarkstími útlána með vísitölutryggingu stytur úr 4 árum í 2½ ár.

Með ákvæðum 5. gr. laga nr. 12 frá 30. apríl 1981, um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana, skal Seðlabankanum þrátt fyrir ákvæði 31. gr. laga nr. 13/1979 heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að ákveða hærri og sveigjanlegri bindiskyldu innlánsstofnana á tímabilinu 1. maí 1981 til 30. apríl 1983 en kveðið er á um í lögum. Lagaheimild þessari var fyrst beitt hinn 10. júní 1981.

Reglugerð Seðlabankans 57

Reglugerð um starfsemi bankans á grundvelli laga nr. 10/1961 var fyrst sett 24. maí 1962 nr. 52/1962. Var sú reglugerð orðin úrelt að ýmsu leyti, og seint á árinu var hafist handa við að semja drög að nýrri reglugerð. Voru þau drög samþykkt af bankaráði og lögð fyrir

viðskiptaráðherra snemma í desembermánuði. Gaf ráðherra reglugerðina síðan út 31. desember, og er hún númer 809/1981, en fyrri reglugerð féll um leið úr gildi. Í hinni nýju reglugerð hefur verið tekið tillit til allra lagabreytinga sl. tvo áratugi, er varða bankann, svo og breyttra viðskiptahátta, og ýmsar nýjar og breyttar reglur settar um starfsemi bankans inn á við og út á við.

Endurskipulagning á viðskiptum Útvegsbankans

Á árinu 1980 höfðu átt sér stað allmiklar umræður milli viðskiptaráðuneytisins, bankastjórnar Seðlabankans og bankastjórnar Útvegsbankans um hin þrálátu rekstrar- og lausafjórðingarmál Útvegsbankans og leiðir til lausnar þeim. Áttu þessi vandamál einkum rót sína að rekja til útlána bankans, sem voru að tiltölulega miklum meirihluta bundin í fyrirtækjum í sjávarútvegi, og hafði því hagur bankans og lausafjárstaða sveiflast mjög eftir afkomu og stöðu þeirrar atvinnugreinar á hverjum tíma. Hafði bankastjórn Útvegsbankans lagt til, að þess yrði freistað að fá hluta af viðskiptum sjávarútvegsfyrirtækja fluttan til annarra innlánsstofnana.

Á þessu byggðust m.a. tillögur, sem ríkisstjórnin samþykkti undir lok ársins 1980 og Seðlabankanum var falið að hafa forystu um framkvæmd á, en þær fólu í sér þrenns konar aðgerðir á árinu 1981. Var þar fyrst eftirgjöf Seðlabankans á refsivöxtum af yfirdráttarskuld Útvegsbankans á árinu 1980, 11 millj. kr. Í öðru lagi var lánveiting Seðlabankans til Útvegsbankans að upphæð 50 millj.kr., sem endurgreiðist að hluta af ríkissjóði á næstu 12 árum, en Seðlabankinn ber að hluta. Loks var svo um að ræða flutning á viðskiptum sjávarútvegsfyrirtækja til annarra innlánsstofnana, en í sambandi við það veitti Seðlabankinn fyrirgreiðslu að upphæð 56 millj. kr. Í sambandi við þessa síðasttöldu aðgerð yfirtók Landsbankinn útibú Útvegsbankans á Seyðisfirði. Eftir þessar aðgerðir stendur Útvegsbankinn mun betur að vígi bæði vegna bættrar eiginfjárstöðu og flutnings viðskipta, sem verkaði til bóta á lausafjórðingunum. Leiddi þetta m.a. til þess, að hlutur sjávarútvegs í útlánnum bankans minnkaði úr 59,2% í árslok 1980 í 46,5% í lok árs 1981.

Seðlar, mynt og gjaldmiðils- breyting

Í upphafi árs 1981 var tekinn upp nýr gjaldmiðill, nýkróna, sem hefur hundraðfalt verðgildi gömlu krónunnar. Tókst framkvæmd gjaldmiðilsbreytingarinnar mjög vel og er athyglisvert, hversu fljótt almenningur tók að nota nýju seðlana og skipta hinum gömlu. Eftir gjaldmiðilsbreytinguna jókst notkun seðla og myntar í almennum viðskiptum verulega, en dró úr notkun ávísana að sama skapi. Í árslok 1981 námu seðlar og mynt í umferð 446,6 milljónum króna og

höfðu aukist um 90,0% á árinu, en árið áður var aukningin 36,8% og árið 1979 35,2%. Eftirfarandi yfirlit sýnir stöðu gjaldmiðilsskipta á árinu 1981:

*Hlutfall (%) gamalla seðla og myntar í umferð
miðað við 31/12 1980.*

	31.12 1980	16.01 1981	31.01 1981	30.04 1981	31.08 1981	31.12 1981
Seðlar	100,0	22,5	15,6	6,7	4,5	4,1
Mynt	100,0	72,5	66,7	55,6	50,0	48,6

Hér kemur fram, að skipti gjaldmiðilsins hafa gengið mjög fljótt. Þegar eftir hálfan mánuð var búið að skipta meira en þrem fjórðu af verðmæti allra seðla í umferð, og í lok apríl var seðlaskiptunum svo gott sem lokið. Skipti myntar hafa gengið hægar, en tölur um myntskiptin ber að skoða í ljósi þess, að mikill hluti af eldri myntinni mun líklega aldrei koma til innlausnar. Nánari grein er gerð fyrir gjaldmiðilsbreytingunni í 3. hefti Fjármálatíðinda 1981, 236. bls. Seðlar og mynt í gömlum krónum féllu úr gildi sem lögeyrir í júnílok. Innlausn þeirra í Seðlabankanum stendur til ársloka 1982.

Sérlegin mynt

Í tilefni af gjaldmiðilsbreytingunni gaf bankinn út sérlegin sýnishorn af hinni nýju skiptimynt. Upplagið var 15.000 sett og var slegið af Royal Mint í London.

Gengisskráning

Undanfarin ár hefur ný dagleg gengisskráning farið fram á hádegi hvern vinnudag, er var í gildi til hádegis næsta dags, en á tímabili var gengi einnig skráð tvisvar á dag. Í þessu fólst, að tvö eða fleiri gengi gátu verið í gildi sama dag. Þessu var breytt 1. september og gildandi gengisskráning tekin til endurskoðunar að morgni, áður en gjaldreyrisviðskipti hefjast dag hvern. Hefur þetta reynst vel, og ný skráning liggur venjulega fyrir fljótlega eftir kl. 9 hvern morgun.

**Innlend
gjalddeyrismál**

Með lögum nr. 63/1979, um skipan gjalddeyris- og viðskiptamála, og reglugerð viðskiptaráðuneytisins um sama efni nr. 519/1979 var tekin upp breytt skipan gjalddeyrismála frá 1. apríl 1979. Á árinu var lokið við að tölvuskrá allar duldar greiðslur svo og innflutning með gjaldfresti, þar með peningalán, tekin til allt að 12 mánaða. Samstarf er hafið milli gjalddeyriskrúanna og töllyfirvalda um væntanlega tölvuvinnslu innflutningsgagna, þannig að banka- og tolltölur verði samræmdar og afstemmdar. Er þetta umfangsmikið og erfitt verkefni.

**Þjóðhátíðarsjóður
59**

Árið 1981 var fjórða starfsár Þjóðhátíðarsjóðs, en hann starfar samkvæmt skipulagsskrá nr. 361 frá 30. september 1977. Stjórn sjóðsins

ákvað, að úthluta skyldi allt að 1.920 þús. kr. á árinu í styrki. Samkvæmt skipulagsskrá rennur fjórðungur úthlutunarfrjár til friðlýsingarsjóðs til náttúruverndar á vegum Náttúruverndarráðs og fjórðungur til varðveislu fornminja, gamalla bygginga og annarra menningarverðmæta á vegum Þjóðminjasafns. Úthlutað var 42 styrkjum samkvæmt umsóknum, samtals að fjárhæð 960 þús. kr. Höfuðstóll sjóðsins í árslok var 11.449 þús. kr.

**Nýbygging
Seðlabankans**

Áfram var unnið að undirbúningi nýrrar bankabyggingar, og komst verulegur skriður á það mál á árinu. Hinn 11. júní var gerður samningur við Reykjavíkurborg um makaskipti á lóð Sænsk-íslenska frystihússins og lóð Seðlabankans við Sölvhólsgötu 2. Mun hús bankans verða reist á fyrrnefndu lóðinni, en bílageymsluhús á vegum Reykjavíkurborgar verður byggt í grunni hinnar síðarnefndu. Skömmu eftir áramót 1981/82 samþykkti byggingarnefnd teikningu af nýju bankahúsi, og var síðan byrjað að grafa fyrir því.

**Tuttugu ára
afmæli
Seðlabankans**

Á tuttugasta ársfundi Seðlabankans, sem haldinn var hinn 7. apríl 1981, var þess sérstaklega minnst, að Seðlabanki Íslands hefði starfað í tuttugu ár. Flutti dr. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri erindi, er hann nefndi Hagstjórn í tvo áratugi, þar sem hann leit til baka yfir þróun efnahagsmála sl. tuttugu ár og þátt hagstjórnar í þeim. Halldór Ásgrímsson formaður bankaráðs flutti ávarp, þar sem hann ræddi hlutverk Seðlabankans. Tómas Árnason viðskiptaráðherra ræddi samskipti Seðlabanka við ríkisstjórn í ávarpi sínu. Dr. Gylfi Þ. Gíslason fyrrverandi viðskiptaráðherra flutti ávarp, þar sem hann rakti nokkra þætti í sögu seðlabankastarfsemi fyrir stofnun Seðlabankans og aðdragandann að stofnun bankans sem sérstofnunar. Þá flutti Jónas H. Haralz ávarp, þar sem hann bar bankanum kveðju viðskiptabanka og sparissjóða. Erindið og ávörpin eru birt í heild sinni í 2. hefti Fjármálatíðinda 1981. Í tilefni afmælisins samþykkti bankaráð, að bankinn gæfi 25 þús. krónur til Blindrafélagsins á ári fatlaðra.

**Starfsemi
bankaeftirlits**

Samkvæmt 10. gr. Seðlabankalaganna nr. 10/1961 hefur bankinn eftirlit með, að innlánsstofnanir fylgi lögum og reglum, sem hverju sinni gilda um starfsemi þeirra, og ber honum að fylgjast að öðru leyti með hag og rekstri þeirra. Eftirlitið er framkvæmt með reglubundnum heimsóknum í innlánsstofnanir svo og söfnun margvíslegra upplýsinga í skýrsluformi um efnahag þeirra og rekstur. Á árinu 1981 gerði bankaeftirlitið heildarathugun á efnahag og rekstri 27 banka, bankaútibúa og sparissjóða. Auk þess voru gerðar athuganir hjá 5 innlánsdeildum samvinnufélaga. Bankaeftirlitið sinnir

margvíslegum öðrum verkefnum auk reglubundins eftirlits með innlánsstofnunum svo sem framkvæmd innlánsbindingar og samræmingu á gjaldskrár fyrir innlánsstofnanir. Fjöldi banka, sparisjóða og innlánsdeilda í árslok 1980 og 1981 var sem hér segir:

	<i>Árslok 1980</i>	<i>Árslok 1981</i>
Viðskiptabankar	7	7
Bankaútibú	76	79
Umboðsskrifstofur banka	20	23
Sparisjóðir	42	42
Umboðsskrifstofur sparisjóða	2	2
Innlánsdeildir samvinnufélaga	33	32
Afgreiðslustaðir alls	180	185

Á árinu opnaði Samvinnubanki Íslands h/f útibú á Selfossi. Búnaðarbanki Íslands opnaði útibú í Seljahverfi í Reykjavík. Verzlunarbanki Íslands h/f opnaði útibú í Mosfellssveit. Formlegt leyfi var veitt fyrir áframhaldandi starfrækslu umboðsskrifstofa Landsbanka Íslands á Vopnafirði og Breiðdalsvík, sem áður voru reknar af Útvegsbanka Íslands á Seyðisfirði, svo og umboðsskrifstofu Samvinnubanka Íslands h/f á Kirkjubæjarklaustri, og skýrir það fjölgun umboðsskrifstofa milli ára.

Eftirtalin leyfi hafa verið veitt fyrir starfrækslu útibúa og umboðsskrifstofa, sem ekki höfðu tekið til starfa í árslok 1981: Landsbanka Íslands var veitt leyfi árið 1976 til starfrækslu útibús á fyrirhuguðu miðbæjarsvæði í Breiðholti. Árið 1981 var Útvegsbanka Íslands veitt leyfi fyrir stofnun útibús í Hlíðahverfi í Reykjavík. Sparisjóði Kópavogs var veitt leyfi til starfrækslu umboðsskrifstofu í Hjallahverfi í Kópavogi. Sparisjóðnum í Keflavík var veitt leyfi fyrir umboðsskrifstofu í Gerðum, Gerðahreppi. Búnaðarbanka Íslands var veitt leyfi til starfrækslu umboðsskrifstofu í Glerárhverfi á Akureyri. Iðnaðarbanka Íslands h/f var veitt leyfi til stofnunar útibús í Garðabæ. Þá var Landsbanka Íslands veitt leyfi til að setja á stofn útibú í nýja miðbænum í Reykjavík við Miklubraut/Kringlumýrabraut og Samvinnubanka Íslands h/f heimilað að stofna útibú á Ártúnshöfða í Reykjavík, hvorttveggja á árinu 1982. Ein innlánsdeild samvinnufélags var formlega lögð niður á árinu, er innlánsdeild Kaupfélags Súgfirðinga var lögð niður og yfirtekin af innlánsdeild Kaupfélags Ísfirðinga. Á árinu 1981 yfirtók Landsbanki Íslands útibú Útvegsbanka Íslands á Seyðisfirði auk tveggja umboðsskrifstofa, sem reknar voru í tengslum við útibúið, á Vopnafirði og Breiðdalsvík, svo sem áður er getið. Í árslok 1981 voru óafgreiddar hjá Seðlabankanum umsóknir um stofnun samtals 32 nýrra afgreiðslustaða.

**Starfsemi
lánadeildar**

Helsti þátturinn í starfsemi lánadeildar er umsjá endurkaupaviðskipta bankans. Aukning endurkaupa á árinu 1981 nam 40,3%, sem er allnokkru minna en árið áður. Innbyrðis breytingar endurkeyptrá lána voru þær helstar, að endurkaup til iðnaðar jukust mun örar en önnur endurkaup eða um tæp 84%. Þetta veldur því, að hlutfallslegt vægi endurkaupa til iðnaðar var um seinustu áramót 13,9% af heildarendurkaupum, en var um áramótin 1980/81 10,7%. Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu endurkeyptrá lána eftir atvinnuvegum.

	Staða í m.kr.		Hlutfallstölur	
	31/12/80	31/12/81	31/12/80	31/12/81
Sjávarútvegur	556	757	56,0	54,3
Landbúnaður	309	439	31,1	31,5
Iðnaður	105	193	10,7	13,9
Annað	22	4	2,2	0,3
Endurkaup alls	992	1.393	100,0	100,0

Starfsemi lánadeildar á árinu 1981 einkenndist mjög af þeim óvenjulegu aðstæðum, sem upp komu vegna gengisþróunar innanlands sem utan og sérstakra aðstæðna í efnahagskerfinu. Eins og fram kemur í kaflanum um peningamál og í annálnum hér á eftir gaf Seðlabankinn eftir uppfærslu gengisbundinna afurðalána í tengslum við gengisfellingarnar 26. ágúst og 11. nóvember. Sömuleiðis var útflytjendum, sem flytja út á Evrópumarkað, endurgreiddur gengismunur, sem skapaðist vegna breytingar á gengi dollars gagnvart Evrópugjaldmiðlum. Alls nam endurgreiddur og eftirgefinn gengismunur á árinu 135 m.kr. Ávöxtunarvextir endurkeyptrá lána reyndust, m.a. vegna ofangreindra aðgerða, aðeins nema 19,3% árið 1981, en tilkostnaður bankans vegna þeirra var mun hærri.

Í desember var tekin endanleg ákvörðun um að afnema gengisbindingu endurkaupa út á útflutningsframleiðslu og færa þau til samræmis við önnur endurkaup. Frá og með 1. janúar 1982 eru því öll endurkaup á sömu kjörum, þ.e. innlend lán með 28% vöxtum á ári.

Annar snar þáttur í starfsemi lánadeildar eru ýmiss konar skuldaþréfa- og víxlaviðskipti. Alls námu kaup Seðlabankans á innlendum verðbréfum 312 m.kr. á árinu, þar af voru 106 m.kr. vegna stuðningsaðgerða Seðlabankans við Útvegsbanka Íslands, 40 m.kr. bráðabirgðalán til Byggingarsjóðs ríkisins og 42 m.kr. til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

Eins og fram kemur í kaflanum um peningamál hófust á árinu víxilkvótaviðskipti innlánsstofnana og Seðlabankans. Vixilkvótinn á 3. ársfjórðungi var ákveðinn 221 m.kr., og nýttu innlánsstofnanir sér þá tæplega 70% af honum. Á 4. ársfjórðungi var víxilkvótinn 288 m.kr., og notuðu innlánsstofnanir þá 88% af honum. Má fullyrða, að góð reynsla hafi fengist af þessum víxilkvótaviðskiptum.

XI. ANNÁLL PENINGA- OG GJALDEYRISMÁLA 1981

Janúar

Gjaldmiðils- breyting

Samkvæmt lögum nr. 35 frá 29. maí 1979, um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils, hundraðfaldaðist verðgildi krónunnar hinn 1. janúar, þannig að frá þeim tíma jafngildir 1 nýkróna 100 gömlum. Samtímis voru teknir upp nýir seðlar og mynt, sem á skömmum tíma leystu gamla seðla og mynt af hólmi. Gamli gjaldmiðillinn var gildur í viðskiptum til júniloka 1981, en frá þeim tíma og til loka árs 1982 má innleysa hann í Seðlabanka Íslands.

Bráðabirgðalög og efnahagsáætlun

Um áramótin gaf ríkisstjórnin út bráðabirgðalög og kynnti efnahagsáætlun sína. Þau atriði, sem snertu peninga- og gjaldeyrismál beint, voru einkum eftirfarandi: Aðlögunartími vaxta að verðbólgu var framlengdur um eitt ár, þ.e. til ársloka 1981, og kveðið var svo á, að binditími verðtryggðra sparifjárreikninga skyldi stytur í 6 mánuði. Gengissigi skyldi hætt um áramót og gengi krónunnar haldið stöðugu nokkra mánuði.

Spariskírteini ríkissjóðs

Hinn 26. janúar voru gefin út spariskírteini í 1. flokki 1981. Lánstími þeirra er 22 ár og vextir 3,2% á ári að meðaltali allan lánstímann, og eru þau fyrst innleysanleg að 5 árum liðnum frá útgáfudegi. Höfuðstóll skirteinanna er bundinn lánskjaravísitölu. Heildarfjárhæð flokksins var 25 m.kr.

Febrúar

Gengis- breyting

Hinn 10. febrúar var meðalgengi krónunnar lækkað lítillega. Gengi krónunnar hafði verið tengt gengi Bandaríkjadollars frá ársbyrjun. Síðustu daga janúarmánaðar og fyrstu dagana í febrúar styrktist hins vegar gengi dollars mjög mikið og þar með gengi krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum. Hinn 10. febrúar var því tekin upp ný gengisviðmiðun og ákveðið, að *meðalgengi* krónunnar skyldi haldið óbreyttu. Gengisbreytingin fólst í því, að áramótameðalgenginu var komið á að nýju.

6 mánaða verðtryggð innlán

Í samræmi við ákvæði bráðabirgðalaganna, sem gefin voru út um áramótin, var binditími 2 ára verðtryggðra sparifjárreikninga stytur í 6 mánuði frá 13. febrúar. Verðtryggingu og vaxtakjörum var ekki breytt. Auk verðtryggingar bera innstæður á þessum reikningum 1% vexti á ári. Frá 1. apríl var leyft að færa innstæður af 12 mánaða

Verðtryggð lán	<p>vaxtaaukareikningum yfir á 6 mánaða reikninga með nýrri bindingu frá yfirfærsludegi.</p> <p>Frá sama tíma var lágmarkstími útlána með vísitölutryggingu stytur úr 4 árum í 2½, að óbreyttum 2½% vöxtum.</p>
Vaxtabreyting	<p>Mars</p> <p>Í samræmi við efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar voru vextir lækkaðir lítillega á ákveðnum flokkum útlána. Ekki var talin ástæða til lækkunar innlánsvaxta. Nafnvextir víxillána, hlaupareikningslána og viðbótarlána út á innlenda framleiðslu voru lækkaðir um eitt prósentustig og nafnvextir vaxtaaukalána um 2 prósentustig. Meðaltalslækkun útlánsvaxta var talin nema 1 prósentustigi.</p>
Færsludagar vaxta	<p>Samfara þessum breytingum var ákveðið, að frá og með 1981 skyldu vextir af 3 og 12 mánaða vaxtaaukareikningum færðir tvisvar á ári, þ.e. 30. júní og 31. desember. Um leið voru nafnvextir þessara innlána lækkaðir lítið eitt, til þess að haldið yrði óbreyttri ávöxtun á ári. Nafnvextir af 12 mánaða reikningum voru lækkaðir í 42% á ári, sem gefur 46,4% ársávöxtun, og nafnvextir á 3 mánaða reikningum voru lækkaðir í 38,5% á ári, sem gefur 41,6% ársávöxtun.</p>
